ÁRSSKÝRSLA VINNUMÁLASTOFNUNAR

2017

VINNUMÁLA
STOFNUN

VINNUMÁLA
STOFNUN

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar 2017

Útgefandi:
Vinnumálastofnun

Ritstjóri:
Margrét Lind Ólafsdóttir

Yfirlestur:
Gyða Sigfinnsdóttir

Hönnun og umbrot:
Kría hönnunarstofa

Prentun:
Pixel

ÁRSSKÝRSLA VINNUMÁLASTOFNUNAR 2017

Erum við öll að róa í sömu átt? 4

Starfsemi Vinnumálastofnunar 6

Fjármál 12

Vinnumarkaðurinn 14

Vinnumarkaðsaðgerðir *Áherslur 2017* 17

Atvinnumál útlendinga *Atvinnuleyfi, starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki* 23

Erlendir ríkisborgarar *á íslenskum vinnumarkaði* 30

Styrkir til atvinnumála kvenna 2017 32

EURES *evrópsk vinnumiðlun* 35

Atvinnumál fatlaðra *Atvinnumál fólks með skerta starfsgetu – Þjónusta Vinnumálastofnunar* 37

Greiðslustofa 40

Erlent samstarf 41

Eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar 45

Atvinnuleysistryggingar 47

Fæðingarorlofssjóður 50

Ábyrgðasjóður launa 53

Húsnæðisbætur 55

STARFSMANNALEIGUR

Fjöldi starfsmannaleiga og starfsmenn á vegum þeirra





4.171

ATVINNULAUSIR

2.174 konur	1.997 karlar

ATVINNULEYSI 2015-2017



ATVINNULEYSI Í 10 ÁR



VINNUMÁLASTOFNUN
LYKILTÖLUR 2017



GREIDDAR BÆTUR



MENNTUN ATVINNULEITENDA

FRÁ ÍSLANDI
4.000 erlendir ríkisborgarar | **2.800** Íslendingar

TIL ÍSLANDS
11.500 erlendir ríkisborgarar | **3.100** Íslendingar

BÚFERLAFLUTNINGAR
til og frá Íslandi 2017

ERUM VIÐ ÖLL AÐ RÓA Í SÖMU ÁTT?

Atvinnuleysi lækkaði ekki mikið á árinu 2017 frá fyrra ári, en það var 2,2% 2017 og 2,3% árið áður. Mikill uppgangur í ferðaþjónustu og fjölgun starfa í þeirri grein hefur verið ein helsta skýringin á lækkandi atvinnuleysi síðustu ár. Töluverður vöxtur var enn í ferðaþjónustu framan af árinu 2017 en hann fer hægt minnkandi á líðandi ári. Fjölgun starfa í byggingariðnaði var nánast jafn mikil og í ferðaþjónustu á árinu 2017 en hvor grein er með um 30% af nýjum störfum á árinu. Þá eru um 20% nýrra starfa í verslun en önnur ný störf hafa orðið til í flestum greinum þjónustu.

Þrátt fyrir örlítið vaxandi atvinnuleysi á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 er töluverður skortur á starfsfólki í ýmsum greinum, einkum þó byggingariðnaði. Fjölgun starfa í byggingariðnaði er heldur minni en reikna hefði mátt með miðað við uppsafnaða þörf fyrir framkvæmdir og bendir margt til að allnokkuð sé um ólöglegt vinnuafl sem er ekki skráð eða tekur of langan tíma að komast inn í eðlilega skráningu á vinnumarkaði. Þessi þróun er ekki séríslenskt fyrirbæri. Gífurlegt streymi vinnuafls um alla Evrópu – einkum frá Austur-Evrópulöndunum til Vestur og Norður-Evrópulandanna, hefur skapað aðstæður sem ógna skipulagi og reglu á vinnumarkaði sem tekið hefur áratugi að sammælast um. Haldi ekki skráning, leyfisveitingar, gerð og framkvæmd kjarasamninga í móttökuríkjunum – er orðið stutt í misnotkun og þrælahald á vinnumarkaði. Vinnumálastofnun hefur lagt mikla áherslu á þennan málaflokk í starfi sínu – aukið eftirlit og reynt að örva aðila til samstarfs. Enn meira þarf til og tíminn vinnur ekki með íslenskum vinnumarkaði í þessum efnum.

Stærstur hluti þeirra starfa sem orðið hafa til síðustu misseri eru störf sem ekki krefjast mikillar menntunar eða sérhæfingar eða þá störf fyrir iðnmenntaða og fólk með annars konar framhaldsmenntun. Minna hefur orðið til af störfum sem krefjast háskólamenntunar á sama tíma og háskólamenntuðum fjölgar mjög á vinnumarkaði. Þetta er áhyggjuefni þar sem öll hvatning til hinna uppvaxandi kynslóða hefur verið að lykillinn að betri lífskjörum og lífsgæðum sé að ganga menntaveginn. Ísland verður að vara sig á því að verða ekki láglaunaland í ferðaþjónustu og gleyma langtímahugsun í nýsköpunargreinum, tækni og hugbúnaðarþróun þar sem rými fyrir vel menntað háskólafólk ætti að vera gott.

Mikilvægur þáttur í starfi stofnunarinnar eru ráðgjöf og hvatningaraðgerðir gagnvart atvinnuleitendum sem eru óvissir um stöðu sína og um framlag til vinnumarkaðarins. Stofnunin leitast við að meta stöðu viðkomandi þjónustuþega með ítarlegum samtölum og síðan að leiðbeina og kosta þjálfunartækifæri sem gætu komið að gagni. Ekki er alltaf öruggt að það skili árangri sem gert er og það er afar mikilvægt í starfi sem okkar að sífellt sé verið að meta árangur af þeim úrræðum sem eru í boði. Eru íslenskunámskeiðin sem erlendum atvinnuleitendum stendur til boða að gagnast eða sjálfstyrkingarnámskeiðin sem við erum að fjármagna? Viss tilhneiging er hjá símenntunar- og endurhæfingarmiðstöðvum til að bjóða aftur og aftur sömu úrræðin en meta ekki raunverulegt gagn þeirra. Í þessum efnum þurfa allir að vera vakandi og gagnrýnir og vera óhræddir við breytingar.

Vinnumálastofnun hefur á undanförnum mánuðum gert úttekt á þeirri þjónustu sem stofnunin hefur keypt með þjónustusamningum við verndaða vinnustaði og endurhæfingarmiðstöðvar með það að markmiði að meta árangur, úrskriftartíðni og faglegt innihald. Er þetta liður í því að reyna að staðfesta að þeim opinberu fjármunum sem stofnunin hefur með höndum sé vel varið og komi án vafa skjóstæðingunum að gangi. Á þessum vettvangi eru mannúðarsamtök og frjáls félagasamtök mörg hver að vinna grettistak á hverjum degi. En samfélagið tekur sífelldum breytingum og þarfir skjólstæðinganna einnig og allir þurfa að vera tilbúnir til að breyta starfsaðferðum, fara nýjar leiðir og endurhanna skipulag ef á er kallað.

Þetta á einnig við um hið opinbera. Stefna þess þarf að vera skýr svo öllum sé ljóst hvert stefna skuli. Þar hefur oft verið erfitt að greina stefnumið og iðulega verið að bregðast við skammtíma áreiti eða óvæntum uppákomum. Nýjar áherslur um innleiðingu starfsgetumats eru metnaðarfullar og munu vonandi lyfta a.m.k. hluta vinnumarkaðarins upp úr hjólförunum og örva fleiri til þátttöku á vinnumarkaðnum. Öllu máli skiptir að við séum að róa í sömu átt því að á heilbrigðum gefandi vinnumarkaði á að vera rými fyrir alla.

Í þessari ársskýrslu er starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2017 reifuð í megin dráttum. Eins og sjá má er starfsemi hennar afar fjölbreytt og það er von okkar að lesendur verði nokkru nær um þau mikilvægu viðfangsefni sem stofnunin sinnir.

Maí 2018
Gissur Pétursson forstjóri.

STARFSEMI VINNUMÁLASTOFNUNAR

Vinnumálastofnun rekur átta þjónustuskrifstofur á landinu auk þriggja smærri útibúa, Þá er starfsemi Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðasjóðs launa hluti af starfsemi Vinnumálastofnunar auk Húsnæðisbóta.

Fjöldi starfsmanna Vinnumálastofnunar var á árinu 2017 145 og skiptust þeir þannig að á höfuðborgarsvæðinu störfuðu 80 en á landsbyggðinni voru starfsmennirnir fimmtíu. Hjá Húsnæðisbótum störfuðu 15 manns.

Vinnumálastofnun heldur uppi fjölbreyttri starfsemi, annast skráningu atvinnulausra, útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta auk fleiri verkefna sem sagt er frá hér að neðan.

Af ráðstefnu um menntun og færni á vinnumarkaði.

Þjónustuver Vinnumálastofnunar

Þjónustuver Vinnumálastofnunar sinnir fjölbreyttum verkefnum eins og símsvörun, veitir almennar upplýsingar, skráir og tekur á móti gögnum, afgreiðir og skráir umsóknir um fæðingarorlof o.fl.

Vinnumiðlun

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar starfrækja öfluga vinnumiðlun á landsvísu sem er opin fyrir atvinnuleitendur, hvort sem þeir eru á skrá hjá Vinnumálastofnun eða ekki, og atvinnurekendur. Atvinnuráðgjafar aðstoða fyrirtæki við ráðningarferli og er leitast við að veita einstaklingsmiðaða þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins. Gott samstarf og tenging vinnumiðlunar við atvinnulífið er mikilvæg og stuðlar að fleiri tækifærum fyrir atvinnuleitendur. Atvinnuráðgjafar veita atvinnuleitendum leiðsögn og ráðgjöf um atvinnuleit.

Vinnumiðlun annast einnig skipulag starfstengdra vinnumarkaðsúrræða í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög og er komin góð reynsla á slík úrræði.

Markmið starfstengdra vinnumarkaðsúrræða er að auðvelda atvinnurekendum nýráðningar á einstaklingum sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins, með því að atvinnurekendur geta sótt um að fá styrk með ráðningu í allt að sex mánuði. Með úrræðum skapast tækifæri bæði fyrir atvinnulífið og þá einstaklinga sem í hlut eiga og fá með þessu tækifæri til innkomu á vinnumarkað að nýju. Helstu starfstengdu vinnumarkaðsúrræði eru starfsþjálfun, starfsorka og sérstök átaksverkefni.

EURES evrópsk vinnumiðlun er hluti af þjónustu opinberrar vinnumiðlunar hjá Vinnumálastofnun.

Afhending hvatningarverðlauna á ársfundi Vinnumálastofnunar árið 2017.

Ráðgjafarþjónusta

Vinnumálastofnun rekur öfluga ráðgjafarþjónustu fyrir atvinnuleitendur. Þeim stendur til boða einstaklingsráðgjöf og stuðningur til að takast á við atvinnumissinn og aðstoð við atvinnuleitina. Í ráðgjöfinni fá atvinnuleitendur fræðslu tengda atvinnuleitinni, aðstoð við gerð ferilskrár (ef hún er ekki þegar til staðar), kynningarbréfs og undirbúning fyrir atvinnuviðtal.

Sú náms- og starfsráðgjöf sem er í boði hefur það að markmiði að leiðbeina atvinnuleitendum til aukinnar sjálfsþekkingar, aðstoða þá við að finna hvar áhugasviðið liggur, hver hæfnin er og hvert einstaklingur stefnir með tilliti til starfsþróunar. Ráðgjafar leiðbeina atvinnuleitendum um möguleika á því að stunda nám samhliða atvinnuleysisbótum og um styrki til þess að sækja námskeið. Einnig er hægt að fá aðstoð við öflun upplýsinga um nám og námsleiðir í almenna skólakerfinu og hjá símenntunarmiðstöðvum og um þau námskeið hjá Vinnumálastofnun sem standa atvinnuleitendum til boða þeim að kostnaðarlausu.

Tölulegar upplýsingar

Vinnumálastofnun heldur utan um og aflar upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum. Einnig fylgist Vinnumálastofnun með samsetningu vinnuafls, kannar reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum og miðlar upplýsingum um atvinnuástandið í landinu.

Útgáfa atvinnuleyfa og skráning útlendinga

Vinnumálastofnun hefur umsjón með útgáfu atvinnuleyfa og skráningu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og starfsmannaleigum. Mikil aukning hefur orðið á þessari starfsemi hjá stofnuninni.

Eftirlit

Eitt af hlutverkum Vinnumálastofnunar er að standa vörð um íslenska velferðarkerfið og verja það misnotkun.

Markmiðið með því að starfrækja eftirlit í atvinnuleysistryggingakerfinu er að tryggja eins og kostur er, að aðeins þeir sem uppfylla skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar fái greiddar atvinnuleysisbætur og koma í veg fyrir og uppræta sannanlega misnotkun á atvinnuleysisbótum.

Stjórn og Vinnumarkaðsráð

Velferðarráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnu-

frh. á næstu síðu

markaðarins. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar ráðherra. Forstjóri Vinnumálastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Vinnumálastofnunar skal annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera velferðarráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin við mat á atvinnuástandi í landinu.

Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er mælt fyrir um sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem starfa í samvinnu við skrifstofur Vinnumálastofnunar um land allt og eru stofnuninni til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum á svæðinu. Í ráðinu sitja fulltrúar sem tilnefndir eru af samtökum launafólks, samtökum atvinnurekenda, sveitarfélögum, menntamálaráðherra og velferðaráðherra. Vinnumarkaðsráðin hafa venjulega til umráða ákveðna fjármuni til rannsóknarstarfa eða annarra verkefna sem líkleg þykja til að styrkja vinnumarkaðinn á viðkomandi svæði.

Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórna. Vinnumálastofnun annast jafnframt skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Ennfremur annast stofnunin umsýslu fyrir Fæðingarorlofssjóð, starfsendurhæfingu, vinnusamninga öryrkja og atvinnumál fatlaðra, lánatryggingasjóð kvenna og atvinnumál kvenna. Á árinu 2016 tók Vinnumálastofnun að sér framkvæmd laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og að útfæra Greiðslustofu til Húsnæðisbóta. Verkefnið fór af stað um mitt árið og annast stofnunin umsýslu fyrir sjóðinn árið 2017.

Ýmis sérverkefni stofnunarinnar

Vinnumálastofnun hefur tekið þátt í og haft umsjón með ýmsum verkefnum á árinu. Má þar nefna atvinnumál kvenna og Svanna – lánatryggingasjóð kvenna. Vinnumálastofnun tekur einnig þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum verkefnum sem greint er frá aftar í skýrslunni.

Þróun rafrænnar þjónustu, Mínar síður atvinnurekenda

Vinnumálastofnun hefur haldið áfram þróun rafrænnar þjónustu með það að markmiði að gera þjónustuna skilvirkari. Samráðshópur starfsfólks sem skipaður var um verkefnið vefsvæði atvinnurekenda vann ötullega á árinu. Hópurinn var stofnaður í kjölfar þarfagreiningar og umbótavinnu hjá Vinnumálastofnun í lok árs 2015 og hefur frá upphafi haft það að markmiði að efla rafræna þjónustu við atvinnurekendur, finna leiðir að úrbótum og auka skilvirkni í núverandi kerfi. Hópurinn hefur starfað

undir dyggri stjórn Margrétar Gunnarsdóttur sviðsstjóra og samanstendur af sérfræðingum af upplýsingatækni- og rannsóknarsviði, vinnumiðlunar- og ráðgjafarsviði, stjórnsýslu- og afgreiðslusviði auk tveggja sérfræðinga frá Advania.

Eftir þarfagreiningu 2016 lá fyrir kortlagning af verkefni hóps og hvaða verkþætti ráðast þyrfti í til að mæta sem best þörfum atvinnurekenda. Ákveðið var að heimsækja skrifstofu NAV (Arbeits og velferdsforvaltningen) í Osló í Noregi og leita svara við hinum ýmsu spurningum sem á hópi brunnu og fá upplýsingar um hvernig rafrænni þjónustu væri háttað hjá þeim. Hluti hópsins hélt út í tveggja daga heimsókn til NAV í janúar og var einstaklega vel tekið á móti fulltrúum VMST sem fengu dýrmæta innsýn inn í starfsemi NAV, meðal annars með heimsókn á þjónustuskrifstofu, kynningum frá fulltrúum af upplýsingatæknisviði og verkefnastjóra rafrænnar þjónustu við atvinnurekendur.

Tvær flugur voru slegnar í einu höggi í heimsókninni þar sem Hrafnhildur Tómasdóttir sviðsstjóri vinnumiðlunar- og ráðgjafarsviðs og Ragnheiður Hergeirsdóttir deildarstjóri voru í Osló á sama tíma að kynna sér þjónustu Norðmanna við fólk með skerta starfsgetu í samhengi við verkefnið Mutual learning sem Vinnumálastofnun er aðili að. Hópurinn sameinaðist seinni dag heimsóknarinnar á áhugaverðum fundi um greiningu og flokkun NAV á atvinnuleitendum, aðferðafræði sem á ensku hefur verið nefnd „profiling".

Eftir að heim kom var verkefnum hóps raðað í forgangsröð og hafist var handa við að rafvæða eyðublaðið staðfesting starfstímabils, áður vottorð vinnuveitenda, sem gera átti atvinnurekendum kleift að senda eyðublað rafrænt í gegnum mínar síður í stað þess að senda í tölvupósti eða á pappír. Rafrænt eyðublað leit dagsins ljós 1. mars. Á sama tíma fór fram greiningarvinna í hópi um bætt orðalag varðandi eyðublöð, verkferla, aðgerðir í tölvukerfi o.s.frv. með það að markmiði að breyta úreldu orðalagi þar sem við átti.

Í maí hófst formlega vinna við að færa aðgerðina að skrá starf í auglýsingu hjá VMST frá úreldu eyðublaði á vefsíðu og yfir á mínar síður atvinnurekenda. Um umfangsmikið verkefni var að ræða og að mörgu að huga; útbúa þurfti viðmót á mínum síðum atvinnurekenda og taka ákvarðanir um mögulegar aðgerðir þar fyrir notendur, huga þurfti að innskráningu inn á mínar síður fyrir atvinnurekendur og taka þar ákvarðanir í samráði við stjórnsýslusvið og fulltrúa frá Ísland.is vegna íslykils, innleiða þurfti nýtt verklag innan Vinnumálastofnunar og útbúa leiðbeiningar fyrir starfsfólk sem og atvinnurekendur. Verkefnið gekk jafnt og þétt fram á haust og vetrarmánuði og var ný virkni og aðgerð við að skrá starf í auglýsingu hjá Vinnumálastofnun í gegnum mínar síður atvinnurekenda frumsýnd í desember 2017.

Í erindisbréfi forstjóra frá 2015 þegar hópur var skipaður um vefsvæði fyrir atvinnurekendur kemur fram að gert sé ráð fyrir þónokkru vinnuframlagi meðlima hóps. Forstjóri VMST reyndist þar sannspár en verkefnið hefur tekið tíma, er umfangsmikið og heldur áfram árið 2018 þar sem enn er að mörgu að huga. Hópurinn um vefsvæði atvinnurekenda vinnur vel saman og þakkar af einhug öllum þeim sem komið hafa að verkefninu og stutt við framgang þess á árinu.

Atvinnutorg

Í lok árs 2017 var Atvinnutorg opnað að viðstöddum starfsmönnum og forstjóra Vinnumálastofnunar og stjórn Vinnumálastofnunar. Við hönnun rýmisins var lagt upp úr að þörfum atvinnuleitenda væri mætt. Sex tölvur eru á Atvinnutorginu ásamt hliðarrými þar sem hægt er að ræða einslega við hvern þann sem kemur á Atvinnutorgið. Aðstaðan er til fyrirmyndar og var lagt upp með að hún væri hlýleg og að atvinnuleitendum liði vel og færu ánægðir frá ráðgjöfum. Atvinnutorgið er staðsett á fyrstu hæð og er aðgengi að torginu góð fyrir gesti stofnunarinnar. Heitt kaffi er á könnunni og aðbúnaður góður. Atvinnutorg er hugsað sem aðstaða fyrir atvinnuleitendur þar sem þeir njóta persónulegrar aðstoðar ráðgjafa Vinnumálastofnunar til atvinnuleitar og fá m.a. aðstoð við gerð ferilskrár og kynningarbréfs. Aðsóknin hefur verið mjög góð og hefur fjöldi atvinnuleitenda nýtt sér þjónustuna. Ráðgjafar Vinnumálastofnunar hafa einnig nýtt rýmið vel fyrir einstaka þjónustuþega sem þurfa aukna aðstoð við atvinnuleit. Atvinnutorgið er kærkomin viðbót við þjónustu Vinnumálastofnunar og hefur tilkoma þess fallið í góðan jarðveg og komum fjölgað jafnt og þétt.

frh. á næstu síðu

Ráðstefnur og fyrirlestrar

Ráðstefna um menntun og færni á vinnumarkaði

Vinnumálastofnun ásamt ASÍ, SA og Hagstofu Íslands stóðu fyrir ráðstefnu um menntun og færni á vinnumarkaði þann 9. nóvember. Á ráðstefnunni fóru sérfræðingar í fremstu röð í færnispám frá Bretlandi, Svíþjóð og Írlandi yfir þær aðferðir sem beitt er í heimalöndum þeirra og annarsstaðar í Evrópu.

Á Íslandi hefur ekki verið unnið markvisst við gerð færnispár og eru Íslendingar þar af leiðandi eftirbátar nágrannaþjóða í heildarstefnumótun m.t.t. þróunar færni, menntunar og vinnumarkaðar.

Norræna Atvinnuleysistryggingamótið

Vinnumálastofnun hélt Norrænt atvinnuleysistryggingamót á Hótel Stracta Hellu dagana 14. - 15. september.

Norrænt atvinnuleysistryggingamót er haldið annað hvert ár og er markmiðið að saman komi helstu sérfræðingar Norðurlandanna á sviði atvinnuleysistrygginga til þess að deila reynslu og hlusta á erindi sem varpað geta ljósi á það hvernig löndin geta bætt atvinnuleysistryggingakerfi sín og lært af því sem gert hefur verið.

Að þessu sinni var áhersla lögð á áhrif deilihagkerfsins og rafrænnar tækni á atvinnuleysistryggingakerfin. Tæplega 100 þátttakendur voru á fundinum þar sem upplýsandi umræða var í forgrunni.
Norrænu atvinnuleysistryggingamótin eru hluti hins norræna samstarfs á sviði atvinnuleysistrygginga og eru fundirnir að lang mestu fjármagnaðir með fé frá Norrænu ráðherranefndinni.

Félags- og jafnréttismálaráðherra ásamt fyrirlesurum á ráðstefnu um menntun og færni á vinnumarkaði.

Posting.is

Á árinu var nýr vefur settur í loftið í samvinnu við Ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitið, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Um er að ræða upplýsingasíðu þar sem nálgast má fræðslu um réttindi og skyldur erlendra þjónustufyrirtækja sem senda fólk til starfa hér á landi auk laga og reglna sem gilda um starfsemi starfsmannaleiga hér á landi. Vefsíðan er liður í því að bæta upplýsingagjöf til erlendra aðila sem starfa tímabundið hér á landi og tryggja að þeir starfi í samræmi við lög og reglur.
Þörf hefur myndast fyrir slíka upplýsingasíðu en fjöldi erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi og starfsmenn á þeirra vegum hefur farið stigvaxandi frá árinu 2015. Voru þannig samtals 54 erlend þjónustufyrirtæki skráð til Vinnumálastofnunar á árinu 2016 með samtals 996 starfsmenn. Þá var fjöldi starfsmanna á vegum starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1527.

Með tilkomu vefsíðunnar munu þessir aðilar með einföldum hætti geta nálgast helstu upplýsingar á einum og sama stað. Verður þar meðal annars að finna upplýsingar um kaup og kjör, vinnuvernd, skattamál, mat á starfsréttindum, skráningu til Þjóðskrár og upplýsingar um skráningaskyldu erlendra fyrirtækja til Vinnumálastofnunar o.s.frv.

FJÁRMÁL

Reikningsskil

Breytingar í reikningsskilum Vinnumálastofnunar vegna laga um opinber fjármál (123/2015) kom af fullum krafti til framkvæmda á árinu 2017. Þessar breytingar höfðu teljandi áhrif á reikningsskil allra verkefna sem eru í umsjá Vinnumálastofnunar. Á grundvelli laganna var nýr reikningsskilastaðall IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) innleiddur og með því voru opinber reikningsskil uppfærð í samræmi við viðurkenndar bókhalds- og reikningsskilareglur. Innleiðing IPSAS er þó ekki lokið að fullu en stefnt er að innleiðingu allra staðla regluverksins á komandi árum.

Verkefni sem Vinnumálastofnun ber fulla ábyrgð á eru flokkuð í sex fjárlagaliði, og eru auk reksturs stofnunarinnar Atvinnuleysistryggingasjóður, Ábyrgðasjóður launa, Fæðingarorlofssjóður, Vinnumál, Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og Starfsendurhæfing. Vegna áðurnefndra lagabreytinga eru því ársreikningar Vinnumálastofnunar og verkefni hennar í sumum tilvikum öðruvísi færð en árin áður og í sumum tilfellum er samanburður erfiður við ársreikninga fyrri ára. Mikið af breytingum nýju laganna hafa áhrif á reikningsskilin, en rök má færa fyrir því að stærstu breytingarnar séu að varanlegir rekstrarfjármunir og fyrirframgreiddur kostnaður er eignfærður, áunninn og gjaldfallinn orlofsréttur er færður til skuldar í efnahagsreikningi og fjárheimildir vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum sem ætlað er að mæta kostnaði á síðari tímabilum eru skuldfærðar sem frestaðar tekjur. Stærstu breytingarnar hafa því einungis áhrif á efnahagsreikningana og því eru samanburðarfjárhæðir 2017 vegna 2016 úr stofnefnahagsreikningi hvers verkefnis sem voru sérstaklega samin og samþykkt af stjórnum og forstöðumanni viðkomandi verkefna.

Lög um opinber fjármál hafa áhrif á fleiri þætti en reikningsskil og meðal annars er verið að skerpa á ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Samkvæmt lögunum felur innra eftirlit í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggis fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að lögum og reglum sé fylgt. Vinnumálastofnun er með í umsjá sinni umtalsverða fjármuni sem telur tugi milljarða ár hvert. Virkni innra eftirlits er því einkar mikilvæg fyrir stofnunina. Mikil vinna hefur átt sér stað undanfarin ár vegna þessa verðuga verkefnis og því góður grunnur til staðar til að byggja vinnu framtíðar á.

Fyrirvari

Innleiðing áðurnefndra breytinga hefur tafið uppgjör allra ríkisaðila og því er ársreikningagerð Vinnumálastofnunar og sjóða hennar ekki lokið. Fjárhagsupplýsingar úr bókhaldi eru því óendurskoðaðar bráðabirgðaupphæðir sem taka verður með fyrirvara.

Vinnumálastofnun

Á árinu 2017 var 20,6 m.kr. rekstrarhalli á rekstri Vinnumálastofnunar en á árinu 2016 varð rekstrarafgangur 49,7 m.kr. Til hliðsjónar voru útgjöld Vinnumálastofnunar einungis 3,0 m.kr. hærri en fjárheimild samkvæmt fjárlögum. Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 1.122,7 m.kr. og þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir sjóði Vinnumálastofnunar 946,6 m.kr.

Útgjöld stofnunarinnar voru 1.449,1 m.kr. en 1.332,8 m.kr. árið 2016. Hafa ber í huga að í útgjöldum 2017 eru gjaldfærslur vegna hugbúnaðar sem verður eignfærður en vinna vegna þessa er langt á veg komin. Launahækkanir hafa einnig verið stór útgjaldaliður undafarin ár og á árinu 2017 féll til gjaldfærsla vegna samninga 2018 þar sem samið var um afturvirkar hækkanir, í sumum tilfellum til upphafs árs 2017.

Rekstur sjóða og annarra verkefna

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 11.652,9 m.kr. en voru 10.801,6 m.kr. árið 2016. Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar var 660,8 m.kr., sem er 9,6 m.kr. lægri en 2016. Útgjöld vegna úrræða voru 253,7 m.kr. en árið áður voru útgjöld vegna þessa málaflokks 359,9 m.kr. Stærstu óspáðu tíðindi sjóðsins voru greiðslur vegna hráefnisskorts, þegar verkfall sjómanna átti sér stað. Hækka því styrkveitingar til fiskvinnslustöðva úr 177,4 m.kr. 2016 í 403,6 m.kr. 2017. Hlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs í tryggingagjaldi var 18.646,5 m.kr. og fjármunatekjur námu 699,9 m.kr. Inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs hjá ríkissjóði í árslok var 22.698,5 m.kr. sem er þó ekki hrein eign sjóðsins, þar sem sú tala liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga er atvinnuleysistryggingasjóður sjálfstætt starfandi bænda, smábátaeigenda og vörubílstjóra. Tekjur sjóðsins samanstanda af hlutdeild í tryggingagjaldi, 59,5 m.kr. og fjármunatekjum 47,9 m.kr. Útgjöld sjóðsins námu 7,5 m.kr. og inneign hjá ríkissjóði var 1.167,2 m.kr. Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa námu 671,9 m.kr. en voru 571,3 m.kr. árið 2016. Hlutdeild Ábyrgðasjóðs í tryggingagjaldi nam 684,4 m.kr. og fjármunatekjur voru 108,8 m.kr. Inneign hjá ríkissjóði í árslok var 2.659,4 m.kr.

Útgjöld Fæðingarorlofssjóðs námu 10.698,2 m.kr. en voru 9.296,7 m.kr árið 2016. Kostnaður vegna fæðingarorlofs var 10.098,9 m.kr. og fæðingarstyrks 494,2 m.kr.

Undir fjárlagaliðnum Vinnumál er haldið utan um tvö verkefni, verndaða vinnustaði og vinnusamninga öryrkja. Á árinu 2017 var fjárlagaliðurinn færður alfarið á ábyrgð Vinnumálastofnunar. Útgjöld vegna verndaðra vinnustaða var 84,4 m.kr. sem er hækkun um 2,6 m.kr. frá fyrra ári. Vinnusamningar öryrkja er verkefni sem hefur vaxið mikið undanfarin ár og var 953,9 m.kr. varið í verkefnið árið 2017 samanborið við 819,6 m.kr. árið 2016. Fjárheimild vegna vinnusamninganna var 926,0 m.kr. og því var farið fram úr fjárheimildum um 27,9 m.kr.

Fjárlagaliðurinn Starfsendurhæfing er ætlað að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu. Útgjöld vegna verkefnisins á árinu 2017 voru 383,0 m.kr. en voru 381,5 m.kr. árið áður.

VINNUMARKAÐURINN

Nokkur vöxtur var á vinnumarkaði á árinu 2017 og fjölgaði starfandi fólki um 3.400 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Þetta er þó minni fjölgun en árið 2016 þegar fjölgaði um 6.900 manns. Þá lækkaði atvinnuþátttaka á árinu 2017 eftir hækkun síðustu fimm ár. Einkum virðist sem hægt hafi á vexti efnahagslífsins og þar með vinnumarkaðar á síðari hluta ársins, sem birtist m.a. í litlum vexti ferðaþjónustu miðað við vöxt síðustu ára.

Raunar fækkaði starfandi fólki í veitingarekstri og rekstri gististaða samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, en fjölgaði nokkuð bæði í farþegaflutningum og í starfsemi ferðaskipuleggjenda, þannig að á heildina litið varð ekki mikil breyting á fjölda starfandi í ferðatengdum greinum á árinu 2017 eftir nokkuð stöðugan vöxt í þeim greinum um nokkurra ára skeið.

Þá fjölgaði störfum bæði í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem og í fræðslustarfsemi og einnig í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi, og lítils háttar fjölgun starfandi var einnig í byggingariðnaði, en minni en gera hefði mátt ráð fyrir í ljósi þess hve umsvif í þeirri grein virðast fara vaxandi.

Vinnuafl og fjöldi starfandi

Atvinnuþátttaka lækkaði um eitt prósentustig frá fyrra ári eftir að hafa hækkað ár frá ári frá árinu 2012. Þannig var atvinnuþátttakan 82,6% meðal 16-74 ára en var 83,6% árið áður. Ef litið er á aldurshópinn 16-64 ára er atvinnuþátttakan 88,4% árið 2017 og hafði lækkað úr 89,1% árið 2016 eftir stöðuga hækkun frá 2011. Atvinnuþátttakan lækkaði í öllum bakgrunnshópum milli áranna 2016 og 2017, en talsvert meira þó meðal karla en kvenna og meira meðal þeirra eldri en þeirra yngri.

Fjöldi fólks á vinnumarkaði og fjöldi starfandi



Fólki á vinnumarkaði fjölgaði um 3.000 manns og fjölgaði körlum á vinnumarkaði mun meira en konum, eða um 2.400 á meðan konum fjölgaði aðeins um 500. Þá var fjölgun á vinnumarkaði hlutfallslega meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, sem skýrist einkum af mikilli fjölgun á Suðurnesjum og má áætla út frá mannfjöldabreytingum að þar hafi fólki á vinnumarkaði fjölgað yfir 8% á árinu 2017. Annars staðar á landsbyggðinni er fjölgunin nær meðaltali, þó yfir 3% á Suðurlandi.

Starfandi fólki fjölgaði um 3.400 manns, körlum um 2.600 en konum aðeins um 800. Þessi mikla fjölgun starfandi karla er mjög áberandi í verslun og veruflutningastarfsemi, en einnig í ferðaþjónustu, sérfræðilegri þjónustustarfsemi og upplýsingatækni, auk byggingariðnaðar að einhverju leyti þó aukningin þar sé minni en búist hafði verið við. Stafar það trúlega af því hve stór hluti starfsfólks í byggingariðnaði er erlent verkafólk sem verr gengur að ná til í könnunum, einkum sá hluti þeirra sem kemur hingað um skamman tíma, m.a. í gegnum starfsmannaleigur.

Fjölgun starfandi kvenna er einkum í ferðaþjónustu og ýmiskon-

Atvinnuleysi síðustu 10 ár



Atvinnuleysi eftir svæðum og kyni



ar þjónustustarfsemi s.s. menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi og í starfsemi félagasamtaka og í skyldri starfsemi.
Samkvæmt úrvinnslu úr staðgreiðsluskrá fjölgaði einstaklingum á vinnumarkaði meira en mælist í vinnumarkaðskönnuninni, eða um nálægt 8.000 manns. Er þar fyrst og fremst um útlendinga að ræða, eða um 6.500 manns af þessum 8.000.

Samkvæmt nýbirtum upplýsingum Hagstofu úr staðgreiðsluskrá voru um 32.500 erlendir starfsmenn að jafnaði starfandi á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2017 og hafði fjölgað úr um 26.000 á árinu 2016, eða um 6.500 manns. Af þessum 32.500 erlendu starfsmönnum voru um 27.000 með lögheimili á Íslandi, en um 5.500 með lögheimili erlendis.

Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi á árinu 2017 var 2,2%, 1,9% meðal karla og 2,5% meðal kvenna. Atvinnuleysi lækkaði úr 2,5% í 2,2% á höfuðborgarsvæðinu en jókst á flestum svæðum utan þess. Mest var atvinnuleysið á Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum á árinu 2017, eða 2,7% á báðum svæðum og hafði aukist úr um 2,3 - 2,4% á árinu 2016. Þá jókst atvinnuleysi úr 2,0% í 2,4% á Vestfjörðum og lítið eitt milli ára bæði á Vesturlandi og á Suðurlandi. Þessi aukning atvinnuleysis milli ára stafar að einhverju leyti af áhrifum sjómannaverkfallsins í upphafi árs 2017, sem jók atvinnuleysi í fiskvinnslu umtalsvert á fyrstu mánuðum ársins.

Hlutfall fólks á miðjum vinnualdri hefur aukist aukist jafnt og þétt á atvinnuleysisskrá síðustu ár og var 47% heildarhóps atvinnulausra árið 2017. Hlutfallið var 42 - 44% á árunum 2009 til 2015. Hlutfall ungs fólks, 18 - 29 ára, hefur að sama skapi lækkað, var 29% árið 2017 en var um 33% á árunum 2013 til 2015 og nokkru hærra á fyrstu árum eftir hrun. Fólk sem er 50 ára og eldra var um 24% atvinnulausra á árinu 2017 og hefur hlutfallið lítið breyst síðustu ár.

Hlutfall þeirra sem höfðu verið atvinnulausir í eitt ár eða lengur var að meðaltali 20% á árinu 2017. Þetta hlutfall hefur lækkað

frh. á næstu síðu

Fjöldi langtímaatvinnulausra



Skipting atvinnulausra eftir menntun



mikið undanfarin ár, en það var 36% þegar mest var á árunum 2011 og 2012.

Nánar um bakgrunn atvinnulausra

Ef miðað er við upplýsingar um fjölda starfandi erlendra ríkisborgara með lögheimili á Íslandi á árinu 2017 má áætla atvinnuleysi erlendra ríkisborgara um 3,9%. Er það töluvert meira atvinnuleysi en meðaltalið fyrir landsmenn alla (2,2%). Hlutfall útlendinga á atvinnuleysisskrá fer líka hækkandi milli ára, en útlendingar voru 26% atvinnulausra á árinu 2017 samanborið við um 21% á árinu 2016 og lægra árin þar á undan.

Hlutfall háskólamenntaðra á atvinnuleysisskrá stóð í stað á milli áranna 2016 og 2017 og var um 26% bæði árin. Fram að því hafði hlutfallið farið hækkandi jafnt og þétt, enda virtist sem störfum fyrir háskólamenntaða væri ekki að fjölga með sama hætti og störfum fyrir fólk með minni menntun. Hlufall háskólamenntaðra er hærra meðal kvenna, eða um 30%, en um 22% meðal karla. Sama er að segja um aðra menntahópa, hlutfallið er óbreytt milli ára og er atvinnulaust fólk með grunnskólapróf um 43% líkt og síðasta ár, fólk með iðnnám um 8%, fólk með aðra starfstengda menntun á framhaldsskólastigi um 11% og fólk með stúdentspróf um 12%.

Stærstur hluti atvinnulausra á árinu 2017 hafði verið starfandi í verslunargeiranum í sínu síðasta starfi, eða um 16% allra atvinnulausra, 10% í gisti- og veitingaþjónustu og önnur 10% í iðnaði. Lægra hlutfall hafði verið starfandi í öðrum greinum. Dreifingin er svipuð milli atvinnugreina og síðustu ár en þó er hlutfall verslunar nokkru lægra en á árinu 2016 og hlutur fiskvinnslu nokkru hærri, enda gætir þar áhrifa sjómannaverkfallsins í upphafi árs 2017.

Hlutfall verkafólks á atvinnuleysisskrá fór úr um 25% í um 28% milli áranna 2016 og 2017, en hlutfallið hafði lækkað hægt og sígandi árin þar á undan. Næst fjölmennasti hópur atvinnulausra starfaði við umönnun, gæslustörf og ýmis þjónustustörf, eða um 16% atvinnlausra, en lægra hlutfall úr öðrum starsfstéttum og hefur hlutfallið lítið breyst frá 2016.

VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR

Áherslur 2017

Vinnumálastofnun sér um opinbera vinnumiðlun, metur hæfni atvinnuleitenda og skipuleggur úrræði sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitenda samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (nr. 55/2006).

Meginmarkmið laganna er annars vegar að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og hins vegar að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar vinnuafls í landinu. Markmið vinnumarkaðsaðgerða er að sporna gegn atvinnuleysi, auðvelda fólki í atvinnuleit að halda virkni sinni, stuðla að tengslum þess við atvinnulífið og skapa fólki leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku.

Hvernig getur samfélagið stuðlað að bættri velferð ungs fólks?

Í lok árs 2016 skipulagði Vinnumálastofnun málþing og vinnustofu í Norræna húsinu í samstarfi við Nordens välfärdscenter. Umfjöllunarefni vinnustofunnar var hluti norræna verkefnisins „Heilbrigði barna og unglinga" sem byggir á niðurstöðum samstarfsverkefnisins: Unga in i Norden - Ungt fólk til virkni sem fór af stað 2013 og lauk 2017 með áherslu á geðheilsu, menntun og þátttöku í atvinnulífinu. Helstu niðurstöður þess voru að leggja bæri áherslu á þverfaglega nálgun og hugmyndir sem ykju líkur á samstarfi félagsþjónustu, vinnumála-, heilbrigðis- og skólakerfisins með velferð ungs fólks að leiðarljósi.

Viðfangsefnið

Undanfari vinnustofunnar var opið málþing sem fór fram í Norræna húsinu þar sem yfir 100 manns mættu. Á málþinginu var verkefnið Ungt fólk til virkni kynnt ásamt þeim skýrslum og verkefnum sem unnin voru á grundvelli þess. Farið var yfir niðurstöður þar sem skoðað var sambandið milli andlegrar heilsu ungs fólks, aðstæðna þeirra í námi og möguleika þeirra síðar á að sjá fyrir sér með þátttöku á vinnumarkaði.

Upplegg vinnustofu

Þrjátíu og fimm einstaklingum var boðin þátttaka í vinnustofunni og voru þeir fulltrúar heilbrigðiskerfis, velferðarkerfis, menntakerfis, vinnumálakerfis, rannsakenda, ásamt fulltrúum unga fólksins.

Í vinnustofu var lagt upp með eina lykilspurningu sem þátttakendur voru beðnir um að ígrunda og búa sig undir að ræða í vinnustofu :

> **„Hvernig getur velferðarkerfið á Íslandi stuðlað betur að velferð barna og ungs fólks á Íslandi og hverjar eru helstu áskoranir þess séð út frá þínu fagsviði og reynslu?"**

Í umræðum um spurninguna var margt sem brann á þátttakendum og gagnlegar ábendingar um umbætur komu fram. Niðurstöður vinnustofunnar voru dregnar saman í skýrslu sem má nálgast hjá Vinnumálastofnun. Þátttakendur í vinnustofunni voru allir sammála um að fáir þjónustuveitendur ávarpa þann fjölþætta vanda sem ung manneskja getur staðið frammi fyrir og því væri það skylda þjónustukerfa sem koma að þjónustu við ungt fólk að vinna saman. Annað lykilatriði sem þátttakendur voru sammála um var að raddir unga fólksins heyrist og mikilvægt sé að fagfólk hlusti.

Samstarf þvert á þjónustukerfi, þ.e. samstarf skólakerfis, félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis og vinnumálakerfis er að mati þátttakenda nauðsyn og ríki og sveitarfélög þurfa að vinna betur saman að velferð ungs fólks. Vísir er að slíku samstarfi en niðurstaðan

frh. á næstu síðu

2.907

manns tóku þátt
í 4.266 úrræðum
árið 2017

2.346
konur

1.920
karlar

Fjöldi eftir aldri



Atvinnuleitendur í úrræðum 2017

Fjöldi þátttakenda eftir ríkisfangi



Ísland
73% | 3112 einstaklingar

Pólland
18% | 756 einstaklingar

Önnur ríkisföng
9% | 398 einstaklingar

40%

þátttakenda voru ekki lengur á atvinnuleysisskrá 3 mánuðum eftir að **vinnumarkaðsúrræðum** lauk.

82%

þátttakenda voru ekki lengur á atvinnuleysisskrá 3 mánuðum eftir að **starfstengdum úrræðum** lauk.

var að leggja eigi áherslu á að þróa slíkt samstarf enn frekar og að virkra aðgerða sé þörf.

Vinnumálastofnun hefur tekið frumkvæði í að kalla eftir slíku samstarfi á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur tilraunaverkefni verið sett af stað til þriggja ára um samstarf þjónustukerfa. Meginmarkmið sem unnið er að er að styrkja stöðu þess hóps ungs fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi eftir grunnskóla og sem talinn er útsettur fyrir óvirkni og ótímabærri örorku. Í kjölfar efnahagsþrenginga síðustu ára hefur verið vaxandi þörf á að beina sjónum að NEET hópnum svokallaða sem er heiti yfir ungt fólk sem er hvorki í námi, þjálfun né starfi og þá sérstaklega þeim undirhópum sem taldir eru viðkvæmastir og standa lengst frá vinumarkaðnum. Aðgerðir í þágu hópsins eru áhersluatriði stjórnvalda um alla Evrópu með aukinni áherslu á samstarf þjónustukerfa í þágu hópsins. Því lengur sem einstaklingar eru fjarri vinnumarkaði og virkni því meiri hætta er talin vera á ótímabærri örorku og varanlegri fjarveru frá vinnumarkaði.

Tilraunaverkefninu er ætlað að verða grunnur að formlegu samstarfi Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Virk starfsendurhæfingarsjóðs, framhaldsskóla og heilsugæslu. Stefnt er að samstarfi við rannsóknaraðila auk þess sem áhersla verður lögð á samráð og samstarf við fulltrúa unga fólksins. Verkefnið fór af stað í lok árs 2017 og er mikill vilji og áhugi allra sem að koma að finna lausnir sem fela í sér samstarf og samlegð þjónustuveitenda sem leitt geta til aukinnar velferðar ungs fólks i viðkvæmri stöðu.

Á Akureyri hefur samstarf þeirra stofnana sem koma með einhverjum hætti að stuðningi við NEET hópinn verið við lýði frá hausti 2008. Samstarfið hefur þó verið óformlegt og háð persónum og leikendum hverju sinni. Mikilvægt er að formgera starfið til þess að ná markvissari samvinnu og meiri skilvirkni og samhæfðari þjónustu fyrir hópinn. Hafinn var undirbúningur að formgerðum samningi á síðasta ári og þann 19. október 2017 var undirritaður samstarfssamningur 14 stofnana á Akureyri um þjónustu við ungt fólk á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu. Tilgangur samningsins er að efla þverfaglegt samstarf aðila á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu í málefnum ungs fólks á aldrinum 16 – 29 ára sem stöðu sinnar vegna þarf á samfelldri þjónustu að halda vegna atvinnuleitar, skólagöngu, endurhæfingar eða annarrar meðferðar.

Meginmarkmið samstarfsins er að:

- stuðla að bættri almennri þjónustu fyrir ungt fólk á aldrinum 16 – 29 ára.
- stuðla að bættri sérhæfðri þjónustu fyrir fólk á aldrinum 16 – 29 ára.
- efla þverfaglegt samstarf fagaðila stofnanana til hagsbóta fyrir hópinn.

Þær stofnanir sem eru aðilar að samningnum eru Akureyrarbær (Rósenborg, ungmennahús), Akureyrarbær (Fjölskyldusvið), Vinnumálastofnun, Fjölsmiðjan á Akureyri, Virk, HSN (Heilsugæslan á Akureyri), SAk (Geðdeild), SAk (BUGL teymið), SÍMEY, MA, VMA, Grófin geðverndarmiðstöð, Starfsendurhæfing Norðurlands og Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.

Verkefnisstjóri er staðsettur í ungmennahúsinu í Rósenborg og þaðan er verkefninu stýrt er varðar þjónustu og tengingu við samstarfsstofnanir.

Með því að formgera samstarfið er aðkoma samstarfsstofnananna tryggð gagnvart verkefninu sem skapar því samfellu og yfirsýn.

Á Suðurnesjum stóð Vinnumálastofnun fyrir málþingi undir yfirskriftinni **„Sterkari saman“** þann 10. nóvember 2017. Markmið málþingsins var að skapa vettvang þeirra þjónustukerfa sem þjónusta ungt fólk sem er atvinnulaust, glímir við andleg og líkamleg veikindi með það fyrir augum að takmarka þróun örorku þessa samfélagshóps. Að auki var markmiðið að skapa vettvang fyrir skoðanaskipti um atvinnutækifæri fólks af

frh. á næstu síðu

Vinnumarkaðsúrræði árið 2017

Tegund úrræða	Fjöldi	Karlar	Konur	Fjöldi %	Karlar %	Konur %
Grunnúrræði	2.115	970	1.145	50%	51%	49%
Námskeið	1.335	596	739	31%	31%	32%
Námsleiðir	328	112	216	8%	6%	9%
Atvinnutengd endurhæfing	234	110	124	5%	6%	5%
Starfstengd vinnumarkaðsúrræði	254	132	122	6%	7%	5%
Samtals	4.266	1.920	2.346	100%	100%	100%

Starfstengd vinnumarkaðsúrræði

Starfstengd Vinnumarkaðsúrræði 2017	Karlar	Konur	Samtals
Fjölsmiðjan	14	6	20
Frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða stofnunar - starfsorka	6	8	14
Sérstök átaksverkefni	3	11	14
Starfsþjálfun	95	95	190
Starfsþjálfun félagsþjónusta	14	2	16
Samtals	132	122	254

erlendum uppruna en aukning þess hóps er þó nokkur milli ára á Suðurnesjunum. Leitast var við að stilla saman strengi þjónustukerfanna í nálgun þessara hópa með samstarfssamningi og meiri samvinnu þjónustuaðila kerfanna.

Þeir aðilar sem eiga aðkomu að samstarfssamningi eru auk Vinnumálastofnunar, Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum(MSS), Virk starfsendurhæfing, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Keilir, Fjölbraut á Suðurnesjum, Félagsþjónustur Garðs, Voga og Sandgerðis, Félagsþjónustan í Reykjanesbæ og Félagsþjónustan í Grindavík.

Jákvæð sálfræði og ráðgjöf

Undanfarin misseri hefur markvissri jákvæðri sálfræði verið beitt í ráðgjafardeild Vinnumálastofnunar. Jákvæð sálfræði snýst um að byggja á reynslu þeirra sem mælast hamingjusamastir, fræðin um hvað gerir lífið þess virði að því sé lifað og áhersla er lögð á að læra af því sem gengur vel í eigin lífi og annarra. Hluti af því er að draga fram í ráðgjöf við atvinnuleitendur hvað hefur gengið vel hingað til, til dæmis tengt atvinnuleit og reynslu af vinnumarkaði og hvernig atvinnuleitandi getur sett sér markmið og mótað stefnu varðandi eigin atvinnuleit útfrá þeirri hugmyndafræði. Jákvæð sálfræði notar kenningar um von og seiglu, bjartsýni auk þess að hvetja fólk áfram með svokölluðu vaxandi hugarfari. Í því felst að vera ekki hrædd við mistök, að trúa á eigin styrkleika og vinna með það hvernig hægt sé að bæta sig og prófa eitthvað nýtt frekar en að festast í ákveðnu fari.

Jákvæð sálfræði hefur verið notuð í viðtölum, hópráðgjöf og námskeiðahaldi hjá Vinnumálastofnun. Sem dæmi má nefna hópráðgjöf þar sem þátttakendur hittust í þrjú skipti og fengu heimaverkefni á meðan á námskeiði stóð til að auka á eigin hamingju og jákvæðni. Einnig fengu þátttakendur að prófa núvitundarhugleiðslu. Fengnir voru gestir á námskeiðin til að hvetja

atvinnuleitendur til dáða; gestir sem höfðu t.d. reynslu af því að skipta um starfsvettvang um miðjan aldur og leikara sem talaði um líkamsvitund og beitingu líkamstjáningar t.d. fyrir atvinnuviðtal. Námskeiðin tókust vel og þátttakendur voru virkir og áhugasamir.

Að vera í atvinnuleit er streituvaldur fyrir flesta. Aðeins tilhugsunin um að sækja um vinnu og fara í viðtöl getur verið yfirþyrmandi og þá er erfitt að vera skipulagður. Núvitund getur verið hjálpleg við að koma skipulagi á óreiðuna í huganum. Hún hjálpar til við horfa á þætti sem hægt er að hafa stjórn á í stað þess að einbeita sér að því sem ekki er hægt að ráða við, t.d. fjöldi umsækjenda um starf sem atvinnuleitandi hefur sótt um. Núvitund í 5 – 10 mínútur á dag eykur einbeitni og skipulag og getur þar af leiðandi stuðlað að því að koma atvinnuleitendum aftur út á vinnumarkað.

Að fá tækifæri! Ungir atvinnuleitendur

Á Suðurlandi er fjölbreytt atvinnulíf og mikil uppbygging í gangi, til dæmis í byggingageiranum, ferðaþjónustu og þjónustu almennt. Atvinnuleysi á svæðinu árið 2017 var hæst um 2.1% og lægst 1.3%

Atvinnuleysi á meðal ungra atvinnuleitenda frá 18 – 30 ára var um 28% af þeim sem voru í atvinnuleit árið 2017. Við því var brugðist með fjölbreyttum virkniúrræðum. Má þar nefna að Vinnumálastofnun Suðurlandi og Sveitarfélagið Árborg fóru í samstarf sumarið 2017 fyrir unga atvinnuleitendur í Árborg sem voru búnir að vera án atvinnu í meira en 12 mánuði og áttu erfitt með að fá vinnu á svæðinu.

Sveitarfélagið réði Gunnar E. Sigurbjörnsson forvarnar- og tómstundafulltrúa, og umsjónarmann vinnuskóla sveitarfélagsins Árborg, sem flokkstjóra í verkefnið og undirbjó hann sig vel fyrir þennan þunga hóp. Verkefnið stóð yfir í 6 vikur og fólst í vinnu ýmissa verkefna á vegum vinnuskóla Árborgar. Skilaboðin sem flokkstjórinn vildi koma áleiðis til hópsins í upphafi var að fá þau til að trúa á sig sjálf og halda áfram að sækja um störf. Átta einstaklingar tóku þátt í verkefninu og lét Gunnar þau setja sér markmið í upphafi verkefnis sem fól í sér að skoða og skilgreina hvar þau vildu sjá sig í lok verkefnisins. Flokkstjóri fór svo reglulega yfir markmiðin með þátttakendum yfir verkefnistímann.

Þátttakendurnir voru allir sammála í lok verkefnisins að það hefði verið gott að komast aftur í virkni og taka þátt í atvinnulífinu. Eftir að verkefni lauk fóru fimm einstaklingar í vinnu, tveir skráðu sig í nám og einn kom aftur í atvinnuleit. „Með því að stuðla að jákvæðu hugarfari er hægt að láta allt ganga upp," að sögn Gunnars, en hann var mjög ánægður með útkomuna úr verkefninu.
Að gefa ungu fólki tækifæri á að aðlagast á vinnumarkaði er samfélagsleg ábyrgð okkar allra og var það markmið Vinnumálastofnunar á Suðurlandi að koma þeim skilaboðum áleiðis til fyrirtækja / stofnana á svæðinu.

Bætt þjónusta við atvinnurekendur

Vinnumálastofnun leggur áherslu á að eiga gott samstarf við atvinnurekendur. Á árinu 2017 var áhersla lögð á að efla vinnumiðlun enn frekar og var verklag og kynningarstarf endurskoðað til þess að bæta þjónustuna. Líkt og undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að kynna þau starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sem eru í boði hjá stofnuninni en þau úrræði miða einna helst að því að aðstoða langtímaatvinnulausa einstaklinga, sérstaklega þá sem hafa verið í 12 mánuði eða lengur án atvinnu, að komast út á vinnumarkaðinn. Vinnumarkaðsúrræðin eiga að liðka til og auka líkur á að atvinnuleitendur fái störf að nýju á vinnumarkaði. Gott samstarf við atvinnurekendur miðar m.a. að því að auka starfsgetu starfsmanna á vinnumarkaði og styrkja þá til þátttöku í atvinnulífinu og virkari þátttöku í samfélaginu.

Seinnipart árs 2017 var mikilvægt skref tekið í átt að bættri þjónustu við atvinnurekendur þegar mínar síður atvinnurekenda voru teknar í notkun. Þar geta atvinnurekendur nú skráð störf í auglýsingu hjá Vinnumálastofnun, fengið sendar tillögur að atvinnuleitendum sem uppfylla hæfniskröfur og átt öll samskipti í ráðningarferlinu við atvinnuráðgjafa í gegnum vefinn. Þessi nýung er mikilvægur liður í því að efla vinnumiðlunarþjónustuna.

Yfirmarkmið vinnumiðlunar fyrir árið 2017 var að efla vinnumiðlunarþjónustuna þannig að hún skilaði m.a. aukinni ánægju atvinnurekenda með þjónustuna. Markmið var að a.m.k. 70%

frh. á næstu síðu

hópsins væru frekar eða mjög ánægð með þjónustua. Í lok árs var þjónustukönnun send út á atvinnurekendur sem höfðu átt í samskiptum við vinnumiðlunarþjónustu stofnunarinnar og þeir spurðir út í þjónustuna. Niðurstöður könnunarinnar voru meðal annars þær að rúmlega 72% atvinnurekenda töldu að auðvelt væri að auglýsa starf á vef stofnunarinnar og um 88% atvinnurekenda töldu viðmót starfsmanna vera fremur gott eða mjög gott. Þá sögðust um 71% atvinnurekenda vera frekar og / eða mjög ánægðir með þjónustu Vinnumálastofnunar. Þetta eru mjög ánægjulegar niðurstöður sem staðfesta að Vinnumálastofnun er á réttri leið með þjónustu sína við atvinnurekendur.

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum og árangur af þeim

Vinnumarkaðsúrræðin voru bæði mismunandi að umfangi og innihaldi árið 2017. Þegar árangur er skoðaður af vinnumarkaðsúrræðum í heild kemur í ljós að um 40% þátttakenda var ekki lengur á atvinnuleysisskrá þremur mánuðum eftir að þátttöku í úrræði lauk. Árangur er áberandi bestur af starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum en 82% þeirra sem tóku þátt í slíkum úrræðum voru ekki á atvinnuleysisskrá þremur mánuðum eftir að þátttöku í úrræði lauk. Árangur af námstengdum úrræðum sem atvinnuleitendum stóð til boða á árinu verður líka að teljast góður ef litið er til þess hversu margir fóru af atvinnuleysisskrá að lokinni þátttöku.

Ekki er mikill munur á þátttöku kynja í úrræðum á árinu 2017. Heldur hærra hlutfall kvenna tók þátt í námsúrræðum á meðan heldur hærra hlutfall karla tók aftur á móti þátt í starfstengdum úrræðum. Þá var ekki munur á því milli kynja hve hátt hlutfall var á atvinnuleysisskrá þremur mánuðum eftir að úrræði lauk.

Nokkur munur er á aldurshópum hvað varðar þátttöku í úrræðum. Þeir yngstu (<30 ára) tóku í meira mæli þátt í lengri námsleiðum, fólk á aldrinum 20-49 ára tók frekar en aðrir þátt í ýmiskonar námskeiðum og þeir yngstu og elstu voru hlutfallslega meira þátttakendur í grunnúrræðum en fólk á miðjum aldri. Þá lækkaði hlutfall þeirra sem voru farnir af skrá 3 mánuðum eftir að úrræði lauk með hækkandi aldri, sem rímar við að langtímaatvinnuleysi var meira meðal þeirra elstu.

Við skipulag vinnumarkaðsaðgerða verður að líta til fjölmargra þátta svo að slíkar aðgerðir stuðli að auknum möguleikum atvinnuleitenda til endurkomu á vinnumarkað. Í því sambandi er æskilegt að þær aðgerðir sem gripið er til leiði til virkari atvinnuleitar þeirra sem eru án atvinnu og auki þar með líkur á þátttöku þeirra á vinnumarkaði að nýju. Í ljósi þess þurfa aðgerðir sem gripið er til meðal annars að fela í sér öfluga og skilvirka vinnumiðlun til handa atvinnuleitendum, en á sama tíma þarf einnig að kynna vel út á við hvaða þjónustu og úrræði Vinnumálastofnun hefur upp á að bjóða.

ATVINNUMÁL ÚTLENDINGA

Atvinnuleyfi, starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki

Í upphafi árs 2017 fór Vinnumálastofnun að gefa út nýja útgáfu af mánaðarskýrslu stofnunarinnar. Var tilgangurinn meðal annars að efla umfjöllun um málefni útlendinga hjá stofnunni. Birtir því stofnunin nú mánaðarlega umfjöllun um það sem helst ber á góma hverju sinni í atvinnumálum útlendinga. Er það von stofnunarinnar að með þessu hafi stofnunin bætt upplýsingagjöf sína til almennings, hagsmunaaðila og annarra sem kunna að þurfa að nálgast upplýsingar um atvinnumál útlendinga.

Atvinnuleyfi útlendinga

Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Lögin kveða á um rétt útlendinga til að starfa hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem og þeim er ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma hingað til lands í því skyni að vinna. Samkvæmt lögunum ber útlendingi að fá útgefið atvinnuleyfi áður en honum er heimilt að hefja störf á Íslandi. Hins vegar er mælt fyrir um undanþágur frá þeirri meginreglu í lögunum og víðtækust þeirra er sú undanþága sem tekur til ríkisborgara aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en þeim aðilum er heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfis.

Á grundvelli laganna gefur Vinnumálastofnun út atvinnuleyfi til handa þeim útlendingum sem þess þurfa og hefur stofnunin eftirlit með því að útlendingar á innlendum vinnumarkaði starfi í samræmi við lögin.

Breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Á sama tíma tóku gildi ný lög um útlendinga. Þær breytingar sem tóku gildi á lögum um atvinnuréttindi útlendinga voru annars vegar til að koma til móts við nauðsynlegar breytingar vegna nýrra útlendingalaga og hins vegar breytingar í takt við þróun og breytingar á íslenskum vinnumarkaði.

Helstu breytingar sem vert er að nefna eru að heimilt er að veita atvinnuleyfi til starfsmanna erlends atvinnurekanda vegna samstarfs hins erlenda atvinnurekanda og innlends atvinnurekanda á sviði kennslu-, fræði- eða vísindastarfa. Undir framangreint tilfelli geta fallið gestakennarar við menntastofnanir hér á landi eða samstarf um tilteknar rannsóknir sem unnið er að hér á landi. Var þá einnig rýmkuð heimild meistara- og doktorsnema til fjölskyldusameiningar og mega makar slíkra nema nú sækja um tímabundin atvinnuleyfi á þeim grundvelli. Atvinnurekendur sem vilja ráða til starfa sérfræðing í skilningi laganna geta nú óskað eftir því að viðkomandi útlendingur fái að hefja störf á meðan umsókn um dvalarleyfi er í vinnslu. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að atvinnuleyfi hafi verið veitt og að atvinnurekandi ábyrgist heimflutning útlendings komi til synjunar á dvalarleyfi. Enn fremur voru óbundin atvinnuleyfi felld brott úr lögunum og í staðinn urðu útlendingar sem fá útgefið ótímabundið dvalarleyfi undanþegnir kröfunni um atvinnuleyfi.

Skammtímaundanþága frá þörf fyrir atvinnuleyfi til að starfa hér á landi var enn fremur lengd úr fjórum vikum í 90 daga. Við þá breytingu tók Vinnumálastofnun upp rafræna tilkynningu fyrir slík tilfelli. Samtals bárust 73 slíkar tilkynningar á árinu 2017, 69 af þeim voru taldar uppfylla skilyrði þess að vera undanþegin kröfunni um atvinnuleyfi en fjögur tilfelli ekki.

Yfir 2000 umsóknir um atvinnuleyfi afgreiddar á árinu 2017

Þriðja árið í röð var yfir 10% aukning á umsóknum og útgáfum á atvinnuleyfum til útlendinga frá ríkjum utan EES. Á árinu 2017 lauk Vinnumálastofnun afgreiðslu 2.144 umsókna um at-

frh. á næstu síðu

Fjölmennustu ríkisföng sem fengu atvinnuleyfi



Fjöldi atvinnuleyfa frá 2014-2016



Nýjum atvinnuleyfum vegna skorts á vinnuafli fjölgaði um **92%** milli ára.

Stafar það annarsvegar af því að veitt voru slík leyfi vegna framkvæmda við línulögn í tengslum við uppbyggingu á Bakka við Húsavík og hins vegar vegna húsnæðiskorts á vissum stöðum á landsbyggðinni.

Rétt tæplega **400 atvinnuleyfi** vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar voru gefin út á árinu, þar af 162 til nýrra útlendinga á vinnumarkaði.

Tímabundnum atvinnuleyfum fjölgaði um 19% milli ára.

Umsóknum um atvinnuleyfi sem var synjað hefur tvöfaldast frá árinu 2016.

Veitt atvinnuleyfi eftir atvinnuvegum



Yfirlit yfir útgáfu nýrra leyfa

Tegund	2017	2016	2015	2014	2013
A1- Nýtt sérfræðiþekking	162	141	103	56	49
B1- Nýtt skortur á vinnuafli	229	119	74	69	55
C1- Nýtt íþróttafólk	135	114	124	128	121
D1- Nýtt sérstakar ástæður	89	112	81	45	23
E1- Nýtt fjölskyldusameining	75	76	61	54	47
F1- Nýtt þjónustusamningur	12	17	39	7	10
G - Námsmaður	472	345	216	175	119
Samtals:	1174	924	698	534	424

Yfirlit yfir afgreiðslu atvinnuleyfa

Tegund	2017	2016	2015	2014	2013
Ný tímabundin leyfi	690	565	443	352	295
Framlengd leyfi	577	538	410	364	379
Óbundin atvinnuleyfi	0	59	67	80	79
Námsmaður	472	345	216	175	119
Þjónustusamningur	20	26	43	10	20
Synjanir	255	123	68	44	59
Hætt við / Afturkallað	130	122	78	39	25
Samtals afgreiddar umsóknir:	2144	1778	1325	1064	976

Starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki

Starfsmannaleigur	2017	2016	2015	2014
Starfsmannaleigur	36	30	9	4
Starfsmenn	3205	1527	165	22

Erlend þjónustufyrirtæki	2017	2016	2015	2014
Þjónustufyrirtæki	126	54	18	5
Starfsmenn	1825	996	341	91

2.044 starfsmenn störfuðu á innlendum vinnumarkaði á vegum starfsmannaleiga í september 2017.

569 starfsmenn störfuðu á innlendum vinnumarkaði á vegum erlendra þjónustufyrirtækja í september 2017.

Var það fjölmennasti mánuður ársins.

Sex **starfsmannaleigur** voru með yfir 100 starfsmenn á sínum vegum á árinu 2017 sem var 73% heildarfjölda starfsmanna.

Fjöldi **þjónustufyrirtækja** rúmlega tvöfaldaðist á milli 2016 og 2017.

frh. á næstu síðu

Þjóðerni starfsmanna starfsmannaleiga



Þjóðerni útsendra starfsmanna



Hvað er erlent þjónustufyrirtæki?

Þjónustufyrirtæki sem hefur staðfestu í öðru EES-ríki og sendir starfsmann hingað til lands til að veita tiltekna þjónustu hér á á landi á grundvelli þjónustusamnings við notendafyrirtæki. Hið erlenda þjónustufyrirtæki hefur verkstjórnarvald yfir starfsmönnunum meðan þeir vinna verkið.

vinnuleyfi og þar af gaf stofnunin út 1.759 leyfi. Flest atvinnuleyfin voru veitt til námsmanna og vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar. Til samanburðar lauk Vinnumálastofnun afgreiðslu 1.778 umsókna um atvinnuleyfi árið 2016 og gaf út 1.525 leyfi. Gaf stofnunin því út 208 fleiri leyfi árið 2017 en árið 2016 og fjölgaði útgefnum atvinnuleyfum um 14% milli ára. Í meðfylgjandi súluriti má sjá yfirlit yfir afgreiðslu atvinnuleyfa fyrir árin 2014 til 2017:

Áfram er mikil aukning á útgáfu nýrra atvinnuleyfa milli ára, en þeim fjölgaði um 21% milli áranna 2016 og 2017. Hefur nýjum útgefnum atvinnuleyfum fjölgað um 93% frá árinu 2014. Það sem vekur þó sérstaklega athygli er þróun í fjölda synjana milli áranna 2016 og 2017. Vinnumálastofnun synjaði 132 fleiri atvinnuleyfum árið 2017 en 2016 og er það fjölgun um 107% milli ára. Af 253 synjunum eru 181 vegna umsókna um ný atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki eða 71% af synjuðum umsóknum. Á sama tíma er heildarfjöldi umsókna um ný atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki 455 eða um 21% af heildarfjölda lokinna umsókna á öllu árinu. Hefur því orðið mikil aukning í eftirspurn atvinnurekenda í að ráða til starfa útlendinga frá ríkjum utan EES í störf ófaglærðra hér á landi. Sést sú eftirspurn meðal annars í því að á árinu 2017 voru veitt 229 ný atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki, en til samanburðar voru þau 119 allt árið 2016. Er það aukning um 92% milli ára. Helsta ástæða þeirrar fjölgunnar má rekja til lagningar háspennulínu milli virkjana og iðnaðarsvæðisins á Bakka við Húsavík, skorts á húsnæði á vissum svæðum á landsbyggðinni og áframhaldandi skorti á sérhæfðum matreiðslumönnum þar sem útlendingur uppfyllir ekki skilyrði þess að fá útgefið atvinnuleyfi á grundvelli sérfræðiþekkingar.

Ferðaþjónustan áfram umfangsmikil

Annað árið í röð eru flest atvinnuleyfi veitt til atvinnurekenda sem flokka má undir störf innan ferðaþjónustunnar hér á landi.

Árið 2016 voru útgefin atvinnuleyfi á því sviði 422 en árið 2017 var sá fjöldi kominn upp í 474 leyfi. Mikil fjölgun hefur einnig orðið við veitingu atvinnuleyfa til starfa í heilbrigðis-, félags- og menntakerfinu, en árið 2017 voru útgefin leyfi til atvinnurekenda á því sviði 396 en þau voru 278 árið 2016. Er því um að ræða fjölgun um 30% milli ára.

Séu atvinnuleyfi til ferðaþjónustu skoðuð sérstaklega voru 173 slík leyfi veitt til námsmanna, 81 vegna skorts á starfsfólki og 72 vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar. Sé tegund atvinnuleyfa sem liggur að baki atvinnuleyfa til heilbrigðis-, félags- eða menntakerfisins skoðuð þá eru 160 þeirra á grundvelli sérfræðiþekkingar en inn í þeirri tölu má meðal annars nefna að veitt voru 45 atvinnuleyfi til hjúkrunarfræðinga til að starfa hér á landi og 26 til starfa við háskóla hér á landi.

Bandaríkjamenn og Filippseyingar lang fjölmennasti hópur útlendinga sem fær útgefið atvinnuleyfi

Samtals fengu ríkisborgarar frá 83 ríkjum útgefið atvinnuleyfi á árinu 2017. Er það fækkun um sex ríkisföng frá árinu 2016. Flestir útlendingar sem fengu útgefin atvinnuleyfi árið 2017 eru, líkt og árin 2015 og 2016, frá Bandaríkjunum og Filippseyjum. Hefur Filippseyingum sérstaklega fjölgað frá árinu 2016, eða úr 164 einstaklingum í 245. Skýra má mikið af þeirri fjölgun með aukinni aðsókn námsmanna frá Filippseyjum til að stunda nám hér á landi, en samtals gaf Vinnumálastofnun út 123 atvinnuleyfi til námsmanna frá Filippseyjum. Í meðfylgjandi súluriti má sjá sex fjölmennustu ríkisföng útlendinga sem fengu útgefin atvinnuleyfi árið 2017 og til samanburðar fjölda frá þeim ríkjum árið 2016:

Hvað er starfsmannaleiga?

Þjónustufyrirtæki sem leigir starfsmann gegn gjaldi til notendafyrirtækis. Starfsmaður sinnir störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess við hlið starfsmanna sem eru ráðnir beint til starfa hjá notendafyrirtækinu.

Tölulegar upplýsingar

Eins og áður hefur komið fram lauk Vinnumálastofnun afgreiðslu 2.144 umsókna um atvinnuleyfi fyrir útlendinga á árinu 2017. Þar af gaf stofnunin út 1.759 atvinnuleyfi, synjaði um 255 leyfum, afturkallaði 67 leyfi og fallið var frá 63 umsóknum eða þær dregnar til baka. Er þetta heildaraukning um 366 umsóknir frá árinu 2016.

Starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki frá EES

Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur.

Markmið laganna er meðal annars að tryggja að starfsmenn erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga njóti þeirra starfskjara sem gilda á Íslandi, þ.e. að starfskjör þeirra séu í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga. Lögin eru sett á grundvelli tilskipana ESB um erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur og er ætlað að stuðla að jafnri samkeppnisstöðu íslenskra og erlendra fyrirtækja sem og að sporna gegn félagslegum undirboðum.

Samkvæmt lögunum er starfsmannaleigum og erlendum þjónustufyrirtækjum skylt að tilkynna sig til Vinnumálastofnunar, veita upplýsingar um þá starfsmenn sem starfa hér á landi og skila inn afriti af ráðningarsamningum og þjónustusamningi við hið innlenda notendafyrirtæki. Vinnumálastofnun er falið það hlutverk að meta hvort starfskjör starfsmanna starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja séu í samræmi við íslenska kjarasamninga og hvort önnur skilyrði laganna séu uppfyllt.

Starfsmenn Vinnumálastofnunar í eftirlitsferð.

Tvöföldun í fjölda starfsmanna á vegum erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga

Á árinu 2017 voru starfandi 36 starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði. Á vegum þeirra störfuðu samtals 3.205 starfsmenn á árinu. Á árinu 2016 voru starfandi starfsmannaleigur alls 30 með 1.527 starfsmenn. Fjölgaði því starfsmönnum á vegum starfsmannaleiga um 1.715, er þar um að ræða rúmlega tvöföldun á fjölda starfsmanna á vegum starfsmannaleiga. Af 3.205 starfsmönnum á vegum starfsmannaleiga voru 2.386 frá Póllandi, 1.251 starfsmenn, og Litháen, 1.135 starfsmenn, eða um 75% starfsmanna starfsmannaleiga. Fimm fjölmennustu þjóðerni starfsmanna hjá starfsmannaleigum hér á landi á síðasta ári voru austurevrópsk. Samtals voru starfsmenn frá 32 ríkjum starfandi hér á landi fyrir starfsmannaleigur á árinu 2017.

Á árinu 2017 sendu 125 erlend þjónustufyrirtæki 1.825 starfsmenn sína hingað til lands. Á árinu 2016 sendu 54 erlend þjónustufyrirtæki 996 starfsmenn hingað til lands. Hefur því fjöldi erlendra þjónustufyrirtækja tvöfaldast sem og starfsmannafjöldinn á vegum þeirra. Líkt og með starfsmenn starfsmannaleiga var algengasta þjóðerni útsendra starfsmanna pólskt, eða 719 af 1.825 starfsmönnum. Það sem þó vekur athygli er að af fimm algengustu þjóðernunum eru tvö austurevrópsk en þrjú frá vestari hluta álfunnar ólíkt þjóðerni starfsmanna starfsmannaleiga. Samtals voru útsendir starfsmenn frá 31 ríki starfandi hér á landi á árinu 2017.

Áframhaldandi þörf á aðhaldi gagnvart erlendum þjónustufyrirtækjum

Árið 2016 kom í ljós við eftirlit Vinnumálastofnunar að víða var pottur brotinn þegar kom að því að tryggja útsendum starfsmönnum laun í samræmi við íslenska kjarasamninga meðan þeir störfuðu hér á landi. Á árinu 2017 lagði því stofnunin aukinn þunga í að afla upplýsinga frá erlendum þjónustufyrirtækjum um raunverulegar launagreiðslur til starfsmanna þeirra meðan þeir störfuðu hér á landi. Aflaði stofnunin því með markvissum hætti afritum af tímaskýrslum, launaseðlum og kvittunum fyrir bankamillifærslum frá erlendu þjónustufyrirtækjunum í þeim tilgangi að tryggja að raunverulegar launagreiðslur væru í samræmi við íslenska kjarasamninga. Því miður hefur stofnunin orðið vör við áframhaldandi misbrest á því að fyrirtækin séu að greiða rétt laun en fyrirtækin hafa þó almennt brugðist við ábendingum stofnunarinnar með því að leiðrétta laun starfsmanna sinna.

Eftirlitsferðir Vinnumálastofnunar 2017



Ný upplýsingavefsíða fyrir erlend þjónustufyrirtæki

Í febrúar 2017 opnaði Vinnumálastofnun nýja vefsíðu, **www.posting.is**, sem hefur þann tilgang að veita erlendum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra aðgengilegar upplýsingar á einum stað. Var vefsíðan unnin í samstarfi við Alþýðusamband Íslands, Ríkisskattstjóra, Samtök atvinnulífsins, Tryggingastofnun, Vinnueftirlitið og Þjóðskrá Íslands. Er vefsíðan einn liður í því að auka upplýsingagjöf til erlendra aðila sem starfa tímabundið hér á landi og tryggja að þeir starfi í samræmi við lög og reglur.

Á vefsíðunni geta erlend þjónustufyrirtæki og starfsmenn þeirra nálgast allar helstu upplýsingar varðandi kaup og kjör, vinnuvernd og skatta hér á landi sem og sérreglur varðandi útsenda starfsmenn.

Eftirlit Vinnumálastofnunar

Á árinu 2017 sinnti Vinnumálastofnun virku vettvangseftirliti, þ.e. eftirlitsfulltrúar stofnunarinnar fóru í eftirlitsferðir á vinnusvæði og starfsstöðvar fyrirtækja. Ferðirnar voru ýmist farnar í samstarfi með öðrum opinberum eftirlitsaðilum, aðilum vinnumarkaðarins eða á eigin vegum. Fór stofnunin í 46 eftirlitsferðir á árinu 2017. Var meiri hluti eftirlitsferðanna á höfuðborgarsvæðinu eða 26 talsins.

Í eftirlitsferðum sínum leitar Vinnumálastofnun eftir upplýsingum um starfsemi erlendra aðila og starfsmannaleiga sem er tilkynningarskyld til Vinnumálastofnunar. Enn fremur kannar stofnunin atvinnuleyfi þeirra útlendinga sem starfandi eru á vinnustaðnum og þurfa að hafa slík leyfi til að þeim sé heimilt að starfa hér á landi. Í þeim tilfellum sem komið hefur í ljós að útlendingur starfar án tilskilinna leyfa kallar Vinnumálastofnun til lögregluna sem tekur yfir forræði málsins.

Meðal nýmæla í eftirliti stofnunarinnar á árinu 2017 var að eftirlitsfulltrúi hennar fór á Seyðisfjörð þegar Norræna kom til landsins, eða um vikulega yfir sumarið. Var það einkum gert í þeim tilgangi að kanna hvort þeim langferðabifreiðum sem koma til landsins með Norrænu væri skylt að skrá sig hjá Vinnumálastofnun eða ekki, hvort sem það væri sem erlent þjónustufyrirtæki eða þar sem um væri að ræða bílstjóra frá ríki utan EES. Fór stofnunin átta sinnum á Seyðisfjörð í þessum tilgangi og í kjölfarið fékk stofnunin skýrari mynd af komum langferðabifreiða til landsins með þessum hætti.

Er það mat Vinnumálastofnunar að sýnilegt vettvangseftirlit á vegum stofnunarinnar skili sér í bættum upplýsingum frá þeim fyrirtækjum og aðilum sem stofnunin ber að hafa eftirlit með. Enn fremur skapar það tækifæri fyrir þá erlendu starfsmenn sem njóta ekki sinna réttinda samkvæmt íslenskum kjarasamningum til að koma á framfæri sínum málum til stofnunarinnar. Með slíku eftirliti leggur stofnunin sitt af mörkum við að standa vörð um heilbrigðan vinnumarkað.

Á árinu 2017 efldi Vinnumálastofnun enn frekar eftirlit stofnunarinnar með því að útlendingar sem starfa hér á landi á grundvelli atvinnuleyfis starfi ekki hjá öðrum atvinnurekanda en þeim er heimilt að gera. Enn fremur hefur stofnunin eflt eftirlit sitt með því að atvinnurekendur séu ekki með útlendinga í vinnu án atvinnuleyfis. Hefur stofnunin, í samræmi við skyldu sína samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga, kært slík mál til lögreglunnar sem og að slík tilfelli hafa leitt til þess að atvinnurekendum og/eða útlendingi hefur verið synjað um atvinnuleyfi þar sem þeir hafa brotið gegn lögunum.

ERLENDIR RÍKISBORGARAR

á íslenskum vinnumarkaði

Ríkisborgarar innan EES geta komið hingað til lands til starfa án atvinnuleyfa á grundvelli EES-samningsins. Aðrir útlendingar þurfa atvinnuleyfi vilji þeir starfa á íslenskum vinnumarkaði.

Búferlaflutningar

Á árinu 2017 fluttust tæplega 8.000 fleiri útlendingar til landsins en fluttu á brott, sem er talsverð aukning frá árinu áður, en búferlaflutningar útlendinga til landsins hafa aukist jafnt og þétt frá 2011. Aðfluttum erlendum ríkisborgurum fjölgaði mjög á árinu 2017 og voru þeir þá rúmlega 11.500 samanborið við um 8.000 árið áður. Brottflutningur erlendra ríkisborgara breyttist lítið á milli ára og fluttust tæplega 4.000 erlendir ríkisborgarar á brott frá landinu sem er svipaður fjöldi og árið 2016.

Um 43% þeirra útlendinga sem fluttust til landsins á árinu 2017 voru á aldrinum 20 - 29 ára og næst kom aldurshópurinn 30 - 39 ára, en um 26% var á þeim aldri. Er þetta svipað hlutfall og árið 2016 hjá báðum aldurshópum. Fæstir voru í yngstu og elstu aldurshópunum, um 4% voru undir 10 ára aldri og 2% 60 ára eða eldri.

Atvinnuleyfi og skráningar

Útgefnum atvinnuleyfum fjölgaði nokkuð á árinu 2017. Útgefin ný tímabundin leyfi voru um 918 að námsmannaleyfum meðtöldum, samanborið við um 760 árið áður. Nánari upplýsingar um atvinnuleyfi, starfsmannaleigur og útsenda starfsmenn er að finna annars staðar í skýrslunni.

Útlendingar á vinnumarkaði

Samkvæmt nýrri greiningu Hagstofunnar voru um 32.500 erlendir ríkisborgarar starfandi á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2017. Þar af voru 27.000 með lögheimili á Íslandi og má áætla að Pólverjar hafi verið um 44% þeirra eða um 12.000. Fjöldi útlendinga á vinnumarkaði hefur aukist nokkuð mikið síðustu ár og var hlutfall útlendinga á vinnumarkaði 16,5% á árinu 2017.

Þó bæði erlendum körlum og konum fjölgi á vinnumarkaði er fjölgunin þó orðin talsvert meiri meðal karla en kvenna. Því er

Aðfluttir og brottfluttir erlendir ríkisborgarar



Aldursdreifing innflytjenda eftir kyni



Hlutfall erlends vinnuafls á íslenskum vinnumarkaði



Fjöldi innflytjenda á vinnumarkaði eftir kyni



hlutfall útlendinga á vinnumarkaði orðið heldur hærra meðal karla en kvenna og er áætlað að erlendir karlar hafi verið tæp 18% af starfandi körlum á landinu á árinu 2017, en erlendar konur tæp 16% starfandi kvenna. Ef aðeins er litið á þá sem hafa lögheimili á landinu er hlutfallið 14,7% hjá körlum og 13,9% hjá konum.

Atvinnuleysi

Áætlað er að atvinnuleysi meðal útlendinga hafi verið um 3,9% á árinu 2017 og hefur það farið lækkandi allt frá árinu 2010 þegar það fór hæst í um 13,4%. Atvinnuleysið er nokkru meira meðal erlendra kvenna en erlendra karla, eða um 4,2% meðal kvenna á móti um 3,7% meðal karla, en atvinnuleysið hefur minnkað talsvert hraðar meðal erlendra karla en kvenna síðustu 2 ár samfara auknum umsvifum í byggingariðnaði og fleiri greinum.

Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara er talsvert meira en meðal landsmanna í heild þó svo munurinn fari smátt og smátt minnkandi.

Árstíðasveiflur í atvinnuleysi útlendinga hafa verið miklar og eru enn nokkru meiri en meðal íslenskra ríkisborgara þó svo dregið hafi úr þeim sveiflum eftir því sem atvinnuleysið hefur farið minnkandi.

STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA 2017

Styrkir til atvinnumála kvenna eru veittir af velferðarráðherra og eru þeir ætlaðir konum sem vinna að góðum viðskiptahugmyndum og verkefnum. Skilyrði styrkveitinga eru að verkefnin séu í meirihlutaeigu kvenna og feli í sér nýnæmi eða nýsköpun.

Einstaklingar og fyrirtæki í eigu kvenna geta sótt um styrk og heimilt er að sækja um vegna verkefna á byrjunarstigi sem og styrki til verkefna í starfandi fyrirtækjum.

Styrkir eru veittir til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetningar, vöruþróunar, hönnunar og vegna launakostnaðar en ekki eru veittir styrkir til framkvæmda eða vegna stofnkostnaðar og eru hæstu styrkirnir 4 milljónir.

Árið 2017 bárust um 250 umsóknir um styrki og komu þær hvaðanæva af landinu en 35 milljónir króna voru til úthlutunar. Umsóknir eru metnar af ráðgjafarnefnd sem skipuð er fulltrúum frá velferðarráðuneyti, Vinnumálastofnun og Jafnréttisstofu.

Í nefndinni sitja þær Margrét Kr. Gunnarsdóttir og Edda Sif Sævarsdóttir frá Vinnumálastofnun, Ingibjörg Elíasdóttir frá Jafnréttisstofu, Elín Gróa Karlsdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir sem er ennfremur fulltrúi velferðarráðherra.

Styrkjum var úthlutað þann 19. maí og fengu 35 verkefni styrki að heildarupphæð kr. 35 milljónir. Þorsteinn Víglundsson, félags- og húsnæðismálaráðherra afhenti styrkina við hátíðlega athöfn í Hörpunni.

Styrkhafar Atvinnumála kvenna 2017 ásamt ráðherra, ráðgjafarnefnd og starfsmanni verkefnis.

Hæstu styrki hlutu þær Ragnheiður Þórarinsdóttir fyrir verkefnið Samrækt sem snýst um að byggja upp samræktarkerfi fyrir fiskeldi og grænmetisræktun, Asco Harvester fyrir verkefnið Asco Harvester sjávarsláttuvélina, Hanna Jónsdóttir fyrir verkefnið Hjúfra - örvandi og umvefjandi ábreiða fyrir fólk með minnisglöp og alzheimer og Verandi fyrir verkefnið VERANDI-framleiðsla á húð- og hárvörum úr endurnýttum hráefnum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni
www.atvinnumalkvenna.is

FREE – fræðsla fyrir frumkvöðlakonur á landsbyggðinni

Vinnumálastofnun leiðir Evrópuverkefnið FREE en markmið þess er að efla frumkvöðlakonur á landsbyggðinni og hvetja þær til dáða í hugmyndavinnu og fyrirtækjarekstri. Verkefnið er samstarfsverkefni sex aðila frá fimm löndum, en auk Vinnumálastofnunar á Íslandi tekur Byggðastofnun þátt ásamt aðilum frá Bretlandi, Búlgaríu, Króatíu og Litháen.

Á Íslandi var einblínt á þrjú svæði; Vestfirði, Norðurland vestra og Austurland og stóð frumkvöðlakonum þar ýmislegt til boða. Í fyrsta lagi var hægt að taka þátt í netnámi í stefnumótun, útflutningi, vöruþróun, markaðssetningu, kennslu í notkun samfélagsmiðla, netsölu og fjármálum. Tóku 13 konur þátt í að prufukeyra námsefnið en það er í boði á íslensku, ensku, búlgörsku, litháísku og króatísku.

Í öðru lagi var boðið upp á þátttöku í hæfnihringjum á netinu, þar sem frumkvöðlakonum gafst kostur á að hitta aðrar konur í sömu stöðu og ræða þar málefni og áskoranir sem á þeim brunnu. Einnig var hægt að nálgast gagnvirkar æfingar í persónulegri

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna veitir lánatryggingar til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna og er sjóðurinn í eigu velferðarráðuneytisins, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.

Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann, en þau fyrirtæki sem fá afgreidda lánatryggingu þurfa ekki að leggja fram veð fyrir láninu, en sjóðurinn og bankinn ábyrgjast lánið til helminga.

Stjórn sjóðsins skipa þau Guðrún Tinna Ólafsdóttir, formaður, Sigþrúður Ármann, fulltrúi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytsins og Barði Jóhannesson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Vinnumálastofnun hefur umsjón með verkefninu samkvæmt sérstökum samstarfssamingi og er Ásdís Guðmundsdóttir verkefnastjóri þess.

Árið 2017 bárust 20 umsóknir um lánatryggingar og var þremur lánatryggingum úthlutað.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni
www.atvinnumalkvenna.is

Frá námskeiði fyrir tengslanetsleiðtoga í Sheffield

hæfni á heimasíðu verkefnisins, s.s. um markmiðasetningu, sjálfsstyrkingu o.fl.
Í þriðja lagi voru sett upp tengslanet kvenna á þessum þremur stöðum og voru um 20 tengslanetsfundir haldnir þar sem ýmis fræðsla var í boði. Settir voru upp Facebook hópar fyrir hvert svæði og eru nú 134 þátttakendur skráðir til leiks þar. Hluti af verkefninu var námskeið í Sheffield fyrir tengslanetsleiðtogana og lagði það grunninn að því öfluga starfi sem fór fram í tengslanetunum.

Það er óhætt að segja að þátttakendur hafi verið ánægðir með verkefnið og árangur þess en efnið á heimasíðunni verður í boði áfram eftir að verkefni lýkur. Einnig er stefnan að halda áfram tengslanetum þeim sem sett voru upp á svæðunum.

Verkefnastjóri er Ásdís Guðmundsdóttir en ennfremur vinnur Guðrún Stella Gissurardóttir að verkefninu.

Almennar upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu verkefninsins **www.ruralwomeninbusiness.eu**

Námsefnið má finna á heimasíðunni
www.ruralwomenacademy.eu/?lang=is

EURES

evrópsk vinnumiðlun

EURES (EURopean Employment Services) hefur það hlutverk að auðvelda fólki frjálsa för innan EES ríkja. Opinberar vinnumiðlanir í öllum aðildarríkjum EES (31 talsins) auk Sviss eiga aðild að samstarfinu og nýverið hafa bæst við aðrir aðilar á vinnumarkaði svo sem stéttarfélög, samtök atvinnurekenda og einkareknar ráðningarstofur. Um 1000 ráðgjafar víðs vegar um Evrópu starfa undir hatti EURES og aðstoða annars vegar atvinnurekendur sem vilja ráða erlendis frá og hins vegar atvinnuleitendur sem vilja fara út fyrir landsteinana. Framkvæmdastjórn ESB hefur yfirumsjón með samstarfinu og heldur úti EURES vefgátt þar sem finna má t.d. upplýsingar um lífs- og starfsskilyrði í öllum löndunum, sem og upplýsingar um starfandi EURES ráðgjafa og hvernig hafa má samband við þá. Öll störf sem auglýst eru hjá opinberum vinnumiðlunum aðildarlanda, þ.m.t. hjá Vinnumálastofnun fara sjálfkrafa inn á vefgáttina en einnig geta atvinnurekendur og atvinnuleitendur skráð sig sem notendur á síðunni og fundið sjálfir ýmist starfsfólk eða starf við hæfi.

Þjónusta EURES á Íslandi

EURES heyrir undir ráðgjafar- og vinnumiðlunarsvið Vinnumálastofnunar og sinna þrír starfsmenn verkefninu í u.þ.b tveimur og hálfu stöðugildi. Auglýstum EURES störfum fjölgaði lítillega á milli ára eða úr 286 árið 2016 í 291 árið 2017. Stöðugildum fækkaði hinsvegar milli ára eftir mikla fjölgun frá 2015, voru 626 árið 2017 miðað við 723 árið 2016. Hluti þessara starfa voru skráð í tengslum við umsóknir um atvinnuleyfi á grundvelli skorts á vinnuafli. Mikil áhersla var áfram á eftirfylgni með auglýstum störfum eftir að hún var efld mikið árið 2016. Staðfestar ráðningar árið 2017 voru 241 og fækkaði um 10% milli ára, voru 268 árið 2016. Ráðningarhlutfall, hlutfall ráðninga af auglýstum stöðugildum, hækkaði lítillega milli ára eða úr 37% í 38,5%. Flestir þeirra sem ráðnir voru í gegnum EURES árið 2017 voru frá Póllandi eða 25%, næst kom Tékkland með 11% og Litháen 9% en alls kom fólk frá 29 löndum. Þegar litið er til aldurs voru flestir eða 59% á aldrinum 18-30 ára, 37,5% 31-50 ára og aðeins 3,5% eldri en 50 ára. Karlar voru 57% þeirra sem ráðnir voru, konur 43%. Umsóknum frá erlendum atvinnuleitendum í EURES umsóknagrunninum fækkaði nokkuð, úr 8.310 árið 2016 sem var metár í 6.109 eða um 26%. Fjöldi svaraðra tölvupósta á netfangið eures@vmst.is jókst lítillega frá fyrra ári eða um 3,7%, fór úr 1.321 í 1.370.

Haldið var áfram á árinu með sérstaka upplýsingarfundi á ensku ætlaðir erlendum atvinnuleitendum frá EES svæðinu sem nýkomnir eru til landsins. Á fundunum, „New in Iceland", sem haldnir eru vikulega er t.d. farið yfir atvinnuleit, skráningu og flutning lögheimilis til Íslands, kaup og kjör og húsnæðisleit. Um 100 manns sóttu fundina á árinu og er það mat EURES ráðgjafa að fundir séu góð viðbót við aðra þjónustu við atvinnuleitendur.

Viðburðir og samstarfsverkefni

Árlegur sameiginlegur upplýsingafundur EURES og Halló Norðurlanda fyrir atvinnuleitendur sem hyggja á flutning til Noregs, Svíþjóðar eða Danmerkur var haldinn 27. apríl í húsakynnum Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1 og aukafundur 5. maí þar sem húsfyllir var á fyrri fundinum. Á fundunum héldu fulltrúar EURES, Halló Norðurlanda og Ríkisskattstjóra erindi um atvinnuleit og ýmis hagnýt atriði tengd flutningum, námi og atvinnuleit erlendis. Einnig tók fulltrúi frá Rannís þátt í fyrsta skipti og kynnti m.a. síðuna www.farabara.is þar sem finna má upplýsingar um nám erlendis. Fyrirspurnir gesta úr sal voru margar og fengu fyrirlesarar góð viðbrögð við fundi.

EURES tekur þátt í svokölluðum Evrópuhóp. Evrópuhópurinn er samstarfsvettvangur Evrópuverkefna og áætlana á Íslandi en hægt er að kynna sér hópinn betur á heimasíðunni www.evrop-usamvinna.is. Meginmarkmiðið eru sameiginlegar kynningar til almennings og upplýsingamiðlun innan hópsins. Hópurinn stóð fyrir sameiginlegri kynningu í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík í janúar.

Á árinu var lögð áhersla á þjálfun starfsfólks. Einn ráðgjafi tók þátt í sameiginlegri forþjálfun nýrra EURES ráðgjafa á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum í mars. Í nóvember lauk hann svo grunnþjálfun EURES ráðgjafa sem fór fram í gegnum netið. Um mitt ár fengu almennir ráðgjafar á stærstu þjónustuskrifstofunum úti á landi aukið hlutverk í þjónustu EURES á sínu svæði. Nú skrá þeir störf og sjá um öll samskipti við bæði atvinnuleitendur og atvinnurekendur. Sérstök námskeið fyrir bæði ráðgjafa og forstöðumenn voru haldin í maí og október til að fara yfir þjónustuviðmið og verklag.

ATVINNUMÁL FATLAÐRA

Atvinnumál fólks með skerta starfsgetu – Þjónusta Vinnumálastofnunar

Vinnan skipar stóran sess í lífi fólks og rannsóknir hafa sýnt að þegar fólk metur lífsgæði sín þá er vinnan ofarlega á blaði. Vinna merkir að einstaklingur er ábyrgur og fullgildur þjóðfélagsþegn sem leggur sitt af mörkum. Vinna hefur jákvæð áhrif á andlega og líkamlega líðan fólks. Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks er mun minni en annarra þjóðfélagshópa hér á landi.

Vinnumálastofnun þjónustar fólk með skerta starfsgetu og er það fjölbreyttur hópur með mismunandi þarfir. Ráðgjafar styðjast við mismunandi aðferðir og nálgun sem fela í sér ráðgjöf, stuðning og eftirfylgd inn á almennan vinnumarkað.

Í störfum sínum styðjast ráðgjafar meðal annars við aðferð sem kallast Atvinna með stuðningi (AMS) sem er einstaklingsmiðuð nálgun sem byggir á hugmyndafræði Supported employment. Áhersla er lögð á að finna starf við hæfi hvers og eins og stuðningur veittur eftir þörfum, bæði við umsækjanda og vinnuveitanda. Stuðningurinn er oftast mikill í byrjun og síðan dregur úr honum eftir því sem færni viðkomandi eykst í starfi.

Hjá Vinnumálastofnun starfa ráðgjafar með mismunandi bakgrunn, menntun og reynslu sem er styrkur í þverfaglegri vinnu á borð við Atvinnu með stuðningi.

Flestir umsækjendurnir um sértæka þjónustu eru með örorkumat

Umsóknir berast jafnt og þétt en mestur þungi er þó á vorin þegar skólum lýkur og á haustin að loknu sumarfríi. Umsækjendur eru á mismunandi stað í lífinu, sumir eru að ljúka skóla, aðrir starfsþjálfun og enn aðrir hafa ekki verið í neinni virkni.
Þeir sem hafa lokið endurhæfingu sækja um almenna þjónustu en þeir sem fá örorkumat í kjölfar endurhæfingar geta sótt um sértæka þjónustu.

Vinnumálastofnun tekur á móti öllum umsóknum um sértæka þjónustu sem getur annars vegar verið umsókn um sértæka ráðgjöf og stuðning í starf á almennum vinnumarkaði og hins vegar umsókn um verndaða vinnustaði, hæfingarstöðvar, starfsþjálfun og önnur atvinnutengd úrræði.

Ráðgjafar taka við umsóknum og greina þær og meta þarfir og beina erindum í réttan farveg.

Vinnusamningar öryrkja

Vinnumálastofnun hefur umsjón með vinnusamningum öryrkja. Vinnusamningar eru endurgreiðslusamningar til atvinnurekenda sem ráða fólk með skerta starfsgetu til starfa.

Þátttakendur á Fyrirmyndardeginum.

Þátttakendur á Fyrirmyndardeginum.

Fyrirmyndardagur

Fyrirmyndardagurinn er árlegur viðburður hjá Vinnumálastofnun en hann var haldinn í fjórða sinn í nóvember s.l. Leitað var eftir samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki sem er óplægður akur fyrir fólk með skerta starfsgetu. Jafnframt var leitað til fyrirtækja í skyldum greinum s.s. til veitingahúsa. Alls tóku 124 fyrirtæki þátt í Fyrirmyndardeginum og voru gestastarfsmenn 124.

Fyrirmyndardagurinn er mikilvægur liður í því að auka möguleika fatlaðs fólks á fjölbreyttari atvinnuþátttöku. Markmið dagsins er að fyrirtæki og stofnanir bjóði atvinnuleitendum með skerta starfsgetu að vera gestastarfsmenn fyrirtækisins í einn dag. Með því fá gestastarfsmenn innsýn í fjölbreytt störf og starfsmenn fyrirtækja kynnast styrkleikum atvinnuleitenda með skerta starfsgetu.

Tilraunaverkefnið „Ráðning með stuðningi“

Á haustdögum 2016 fékk Vinnumálastofnun styrk frá velferðarráðuneytinu til að vinna að fjölgun starfstækifæra og aukinni fjölbreytni starfa fyrir ungt fatlað fólk sem var að ljúka námi á starfsbrautum framhaldsskóla og diplómanámi í Háskóla íslands. Verkefnið er í samræmi við Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012 – 2014. Verkefnið var sett af stað í október 2016 og stóð í eitt ár.

Samstarfið tók til starfsbrauta eftirtalinna framhaldsskóla: Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Fjölbrautaskólans í Garðabæ, Flensborgarskóla, Borgarholtsskóla, Menntaskólans við Hamrahlíð og Tækniskólans. Menntavísindasvið Háskóla Íslands var einnig hluti af verkefninu vegna diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun.

Á starfsbrautum framhaldsskólanna voru rúmlega 40 nemendur að ljúka námi frá skólum á höfuðborgarsvæðinu vorið 2017 og margir þeirra stefndu á diplómanám í HÍ haustið 2017. Í diplómanámi HÍ voru 15 nemendur að ljúka námi vorið 2017 og nokkrir úr þeim hópi sóttu um hæfingartengda þjónustu, stefndu ekki út á almennan vinnumarkað.

Það er langtímaverkefni að byggja brú milli atvinnulífs, skóla og Vinnumálastofnunar. Mikilvægt er að hlutverk allra þjónustuaðila séu vel skilgreind í upphafi samstarfs og að tími sé gefinn til að byggja upp nýjar samskiptaleiðir og traust á milli stofnana. Þróun og styrking slíks samstarfs er stöðugt verkefni og áskorun. Tryggja þarf frá upphafi gott upplýsingaflæði, skýra verkaskiptingu og stuðning eftir þörfum við vinnustað og starfsmann þegar ráðning er komin á.

Það er mat Vinnumálastofnunar að sú reynsla sem komin er af þessu verklagi gefi von um árangursríkt og gott verklag í atvinnuleit og stuðningi við ungt fatlað fólk sem er að ljúka skólagöngu sinni. Segja má að fyrsta áfanga verkefnisins sé lokið og stofnunin telur að frekari þróun og innleiðing þurfi lengri tíma áður en hægt verði að leggja mat á heildarferilinn. Betur þarf að festa samstarf stofnana og vinnumarkaðarins í sessi og skapa betri skilning á mikilvægi þess að allir fái tækifæri til að vera þátttakendur í virku samfélagi.
Vinnumálastofnun hyggst þróa þetta verklag áfram og á haustmánuðum verður sett í gang tilraunaverkefni í samstarfi við tiltekin fyrirtæki um þjálfun mentora á vinnustöðum og ráðningu fatlaðra ungmenna sem fái stuðning mentors á sínum vinnustað

Forseti Íslands tók þátt í Fyrirmyndardeginum.

Samstarf ólíkra aðila á Vesturlandi

Á Vesturlandi hafa Vinnumálastofnun, sveitarfélögin og Starfsendurhæfing Vesturlands unnið markvisst að því að reyna að fjölga starfstækifærum fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu. Árangurinn hefur verið mjög góður. Saman hafa þessir aðilar farið í fyrirtæki og stofnanir til að kynna verkefnið, möguleika vinnusamninga og þann ávinning sem ráðning atvinnuleitenda með skerta starfsgetu getur haft í för með sér fyrir eintstaklinga og fyrirtækin. Mörg störf hafa skapast í kjölfarið.

Þessi störf hafa verið mönnuð með það fyrir augum að þau henti viðkomandi einstaklingum sem best, óháð því úr hvaða kerfi viðkomandi kemur. Markmiðið er að vinna saman að því að fjölga störfum á svæðinu og ráða þann sem best hentar í starfið hverju sinni. Í mörgum fyrirtækjum eru t.a.m. álagspunktar á ákveðnum tíma dags og þá getur hentað að ráða viðbótarstarfsmann í hlutastarf til að mæta því. Eftirfylgd og stuðningur í störfin hafa síðan verið í höndum þess aðila sem besta tengingu hefur við einstaklinginn. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og aukið jákvætt viðhorf til ráðninga fólks með skerta starfsgetu, hvort heldur er í hlutastarf eða fullt starf.

Samstarfsverkefnið hefur m.a. leitt til þess að einstaklingar sem voru í vinnu á vernduðum vinnustað hafa fengið starf úti á almennum vinnumarkaði. Það hefur gefið öðrum, sem voru ekki í vinnu, tækifæri á að komast í verndað starf.

Gott samstarf hefur verið við Grundaskóla á Akranesi sl. tvö ár í svokölluðu „starfseflingarverkefni" skólans. Verkefnið miðar að því að ráða inn starfsfólk í hlutastörf út frá styrkleikum og starfsgetu hvers og eins. Að jafnaði hafa sjö einstaklingar starfað í skólanum í þessu verkefni í u.þ.b tveimur stöðugildum.

Áðurnefndir aðilar hafa einnig unnið saman að kynningu og öðrum verkefnum í tengslum við Fyrirmyndardag Vinnumálastofnunar. Árið 2017 tóku 42 einstaklingar á Vesturlandi þátt í Fyrirmyndardeginum og á fjórða tug fyrirtækja. Fjórir þátttakendur fengu starf hjá þátttökufyrirtæki í framhaldinu. Reynsla þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Vesturlandi er góð af þessu frábæra samstarfi og hefur það sýnt sig að góð samvinna ólíkra aðila skilar sér í ávinningi fyrir alla.

GREIÐSLUSTOFA

Greiðslustofa Vinnumálastofnunar hefur það verkefni að annast fjárvörslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Í því felst að taka við umsóknum um atvinnuleysisbætur, afgreiða þær samkvæmt lögum og greiða út mánaðarlega ásamt því að ákvarða um biðtíma, beita viðurlögum, annast eftirlit með greiðslu bóta og sjá um innheimtu ofgreiddra bóta uppfylli umsækjandi ekki skilyrði laganna eða hafi fengið ofgreitt.

Starfsemin

Gerðar hafa verið breytingar á verklagi Greiðslustofu í gegnum árin í formi aukinnar rafvæðingar sem að leiðir til mun meiri hagræðingar fyrir atvinnuleitanda. Er nú hægt að sækja um og skila inn öllum gögnum í gegnum vefgátt, einnig getur atvinnuleitandi fylgst með stöðu umsóknar og ef Vinnumálastofnun þarf að hafa samband við atvinnuleitanda er það gert í flestum tilfellum í gegnum vefsvæði atvinnuleitanda, svokallaðar **Mínar síður**.

Þó umsóknum hafi fækkað þá voru snertingar við einstaklinga á atvinnuleysisskrá, þ.e.a.s. mál sem þurfti að taka stjórnsýsluákvörðun um þónokkrar. Voru þær snertingar um 27.000 á árinu 2017, bæði vegna einstaklinga sem að voru í ferli með að sækja um atvinnuleysisbætur og einnig vegna þeirra sem að voru á atvinnuleysisskrá en var haft afskipti af vegna boðunar í úrræði, eftirlit og fleira.

Árið 2014 tók Greiðslustofa að hluta við eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar sem áður var staðsett í Reykjavík. Hefur það verkefni gengið mjög vel þó alltaf megi bæta við eftirlitið. Sjá má skýrslu um eftirlitsmálin hér í ársreikningi.

27.000 símtölum svarað árið 2017

Alls greiddi Greiðslustofa út um 10 milljarða í atvinnuleysisbætur á árinu 2017 og var meðalfjöldi viðskiptavina í mánaðarlegri útborgun 4.311, flestir í febrúar eða 5.631 og fæstir í júlí eða 3.753.

Þjónustuver Greiðslustofu sinnti upplýsingagjöf og veitti skýringar á stöðu mála bæði til umsækjenda sem og starfsmanna Vinnumálastofnunar, auk þess að svara tölvupóstum af netfangi greidslustofa@vmst.is.

Það var aukning á innhringingum á milli ára, svarað var um 16.200 símtölum árið 2016 og var símsvörun um 90% , en símtöl voru um 27.000 árið 2017 og var símsvörun um 88%. Flestum símtölum var svarað í febrúar eða um 2.700 símtölum en fæstum símtölum í júlí eða um 1.900 símtölum.

Greiðslustofa sér um að innheimta ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Var það ekki fyrr en árið 2017 sem að innheimtubréf urðu rafræn, með þeirri breytingu varð skilvirkni innheimtunnar allt önnur. Send voru út 1.392 inneimtubréf sem að tilheyra bæði árinu 2017 og fyrri árum.

Samstarf hefur verið við Sýslumanninn á Blönduósi/Innheimtumiðstöð (IMST) um innheimtu á endurkröfum á ofgreiddum atvinnuleysisbótum og gengur það samstarf með ágætum.

Góður starfsandi hefur ríkt á Greiðslustofu frá stofnun hennar árið 2007 og er starfsmannahópurinn þéttur. við berum starfsfólki Greiðslustofu þakkir fyrir vel unnin störf á árinu 2017.

ERLENT SAMSTARF

Vinnumálastofnun er á hverju ári þátttakandi í erlendu samstarfi um vinnumál sem hefur áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Slíkt samstarf er fjölbreytt og mikilvægt fyrir stofnunina til þess að bæta sig og vera meðvituð um það sem önnur lönd leggja áherslu á í vinnumarkaðsmálum hverju sinni.

Evrópuverkefni

Benchlearning og samstarfsnet opinberra vinnumiðlana í Evrópu

Opinberar vinnumiðlanir í Evrópu starfa saman í samstarfsneti „European Network of Public Employment Services (PES Network)". Með samstarfinu leitast stofnanir við að læra hver af annarri, með því að greina og bera saman starfsemi milli landa, skiptast á upplýsingum og hugmyndum, styrkja og efla þjónustu og starfshætti, ásamt því að koma að mótun Evrópskrar vinnumálastefnu og samsvarandi stefnum á landsvísu.

Benchlearning er áfram eitt meginverkefni PES samstarfsnetsins. Opinberar vinnumiðlanir í hverju landi fyrir sig fara í gegnum umfangsmikið sjálfsmat á grundvelli líkans sem samstarfsnetið kemur sér saman um. Í kjölfar sjálfsmats á sér stað ytra mat í formi vettvangsheimsóknar og skýrslu. Benchlearning vinnuhópur er skipaður fulltrúum allra aðildalanda samstarfsnetsins og þar er Eiríka Ásgrímsdóttir Benchlearning sérfræðingur Vinnumálastofnunar. Tölfræðilegar upplýsingar spila líka veigamikinn þátt í Benchlearning verkefninu og sjá sérfræðingarnir Karl Sigurðsson og Vignir Hafþórsson um tölfræðileg gagnaskil stofnunarinnar.

Á grundvelli Benchlearning verkefnisins skilaði stofnunin á haustmánuðum 2017 af sér svokallaðri breytingarskýrslu. Skýrslan veitir yfirsýn yfir umbótaþætti og styður við breytingaráform stofnunarinnar, ásamt því að vera höfð til hliðsjónar við val á ytri matsmönnum í annarri umferð Benchlearning matsins. Samkvæmt breytingarskýrslunni beinast megináhersluþættir breytinga hjá stofnuninni að árangursstjórnun og skilvirkari markmiðasetningu, aukinni rafrænni þjónustu og endurnýjun tölvukerfa, ferlastjórnun og kerfisbundinni endurskoðun ferla ásamt aukinni áherslu á atvinnurekendaþjónustu.



frh. á næstu síðu

Vinnuhópur í Benchlearning.

Vinnumálastofnun fer á fyrsta ársfjórðungi 2018 í gegnum aðra umferð Benchlearning en um það bil helmingur aðildarlanda samstarfsnetsins fóru í gegnum aðra umferð á árinu 2017. Benchlearning verkefnið er í sífelldri þróun, í annarri umferð var nýjum hluta bætt við og megin áhersla lögð á breytingar og breytingarstjórnun. Hugmyndavinna varðandi þriðju umferð er þegar hafin og verður áhugavert að sjá hvaða breytingum verkefnið tekur.

Miðlun þekkingar er stór þáttur í starfi PES samstarfsnetsins og árlega er svokallað „Mutual learning programme" þess að stórum hluta skipulagt út frá þörfum sem greindar eru í Benchlearning matsferlinu. „Mutual learning" áætlunin samanstendur bæði af viðburðum (námskeið, vinnustofur, vefnámskeið) og skriflegum gögnum (skýrslur, verkfærasett, starfsvenjur, rannsóknir) sem nálgast má á vefsíðum samstarfsnetsins; PES Knowledge Centre og PES Practices. Innri vefur Vinnumálastofnunarinnar (Workplace) hefur verið vel nýttur til að vekja athygli á starfsemi PES samstarfsnetsins, fréttabréfi og áhugaverðum fróðleik, auk þess sem starfsmenn hafa á árinu sótt gagnlega viðburði á þeirra vegum. Nánari upplýsingar um starfsemi European Network of Public Employment Services 2017 má finna í ársskýrslu:
ec.europa.eu/social/BlobServlet?docId=18870&langId=en

Empower

Vinnumálastofnun tekur þátt í Evrópuverkefni sem heitir Empower með fjórum Samstarfsaðilum, SIF í Litháen, KMOP á Grikklandi og Inova í Bretlandi sem jafnframt stýrir verkefninu. Empower verkefnið snýst um að þróa fræðsluefni fyrir ráðgjafa og sjálfboðaliða sem vinna með konum af erlendum uppruna með það markmið að aðstoða þær við að þróa starfshæfni sína og vinna með þeim að hugmyndum um stofnun fyrirtækja.

Verkefnið hófst í byrjun árs 2016 og var fyrsti verkþáttur að gera rannsókn á stöðu hópana hér á landi. Skoðað var hvaða úrræði voru fyrir hendi fyrir hópana og í framhaldi var farið í rýnihópavinnu og könnun unnin um hvernig fræðslu vantaði til þess að efla ráðgjafa og konur af erlendum uppruna. Boðið var upp á námskeið fyrir ráðgjafa og sjálfboðaliða og haft var samband við þær stofnanir á Íslandi sem vinna með konum af erlendum upp-

runa. Námskeiðið samanstóð af átta námsþáttum ásamt hæfnihringjum.

Eftir rannsóknina var kennsluefnið þróað og hófst fyrsta námskeiðið með ráðgjöfum og sjálfboðaliðum 28. febrúar 2017. Í framhaldi af því voru haldin námskeið fyrri hluta árs fyrir konur af erlendum uppruna og að þeim loknum voru námskeiðin endurmetin af samstarfsaðilum og betrumbætt þar sem við á. Seinni námsskeiðin fóru af stað í september 2017 fyrir ráðgjafa og sjálfboðaliða.

Markmið Empower verkefnisins er að byggja upp hæfni, færni, styrkleika og seiglu til að takast á við nýjar áskoranir með því að nota aðferðarfræði þjálfunar og leiðbeiningar og lögð er áhersla á persónulega hæfni eins og sjálfstyrkingu. Þátttakendur fóru í gegnum sjálfskoðun og voru fjölbreyttar æfingar og verkefni hluti af þeirri rýni. Tveir tilraunahópar fengu fræðslu sem stóð yfir í fjóra mánuði í senn en hópurinn hittist átta sinnum á tímabilinu auk þess sem gert var ráð fyrir verkefnavinnu.

Með verkefninu hefur orðið til sérhæfð þjálfun bæði fyrir ráðgjafa, sjálfboðaliða og konur af erlendum uppruna. Námskeiðin gengu vonum framar og gáfu ráðgjöfum og sjálfboðaliðum fleiri verkfæri og upplýsingar sem hægt er að að nota áfram í starfi. Konur af erlendum uppruna sem sóttu námskeiðið voru mjög ánægðar og það kom bersýnilega í ljós að þessum konum hefur vantar aðgang að námskeiði þar sem unnið er með styrkleika, sjálfstyrkingu og seiglu. Fyrir utan hvað það gaf þeim mikið að hitta aðra einstaklinga í sömu stöðu og þær sjálfar voru í og fá tækifæri til að deila sinni reynslu.

Bjarney Rún Haraldsdóttir er ein þeirra sem sótti EMPOWER námskeið fyrir ráðgjafa og sjálfboðaliða og var ánægð með námskeiðið.

> „Fyrst og fremst öðlaðist ég trú á sjálfri mér og öryggið jókst. Verkefnin sem unnin voru og umræður í tíma fengu mig til að koma auga á styrkleika mína sem jók sjálfstraust mitt og hafði þar af leiðandi góð áhrif á það og jók trú á eigin getu í starfi. Jákvæð og uppbyggileg nálgun gaf mér frelsi og ég öðlaðist traust til leiðbeinenda og þátttakenda sem gaf mikilvægt rými fyrir mig til að prófa mig áfram og læra."

Hún segir jafnframt að það sé gott fyrir ráðgjafa og sjálfboðaliða sem vinna í sambærulegu vinnuumhverfi að sækja svona námskeið.

> „Það hefur verið hollt fyrir mig persónulega að skoða sjálfa mig og styrkja mig. Ég fékk rými til að finna út sjálf hvar ég stóð vel og hvar ég gat bætt mig. Ég fékk speglun frá öðrum og setti mér verkefni og markmið til að vinna að fyrir næsta skipti til að vinna að því sem var að halda aftur af mér og á sama tíma var ég mun meðvitaðari um mínar sterku hliðar og nærði þær enn frekar."

Mikilvægast fannst henni að öðlast valdeflingu og finna hvernig aðrir þátttakendur valdefldust líka: „Hlustun, umburðarlyndi, að setja mörk fyrir sjálfa mig. Öll nálgun námskeiðins var lausnamiðuð og einblínt á uppbyggilega- og jákvæð nálgun."

Norrænt samstarf

Vinnumálastofnun á í þó nokkru norrænu samstarfi þegar kemur að atvinnuleysistryggingum og vinnumarkaðsmálum á hverju einasta ári. Þátttaka Íslands í vinnumarkaðssamstarfi norrænna ráðherra á sviði vinnumála er að hluta til sinnt af Vinnumálastofnun í samstarfi við velferðarráðuneytið.

frh. á næstu síðu

Vinnumálaráðherrar Norðurlandanna hittust í Osló í nóvember 2017. Forstjóri Vinnumálastofnunar Gissur Pétursson situr eftir fremsta megni þá árlegu fundi með ráðherra ásamt Inga Val Jóhannssyni sérfræðingi úr velferðarráðuneytinu. Embættismannanefnd undir ráðherrunum sem í sitja þeir Ingi Valur og Gissur sér um að fylgja eftir ákvörðunum ráðherranna í samstarfi við vinnumarkaðsnefnd Norrænu ráðherranefndarinnar. Tryggvi Haraldsson sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun er ritari þeirrar nefndar og ber ábyrgð á starfi hennar.

Norðmenn fóru með formennsku í Norræna ráðherraráðinu á árinu 2017 og lögðu þar áherslu á áhrif andlegrar heilsu ungs fólks á vinnu og menntun, aðlögun innflytjenda að vinnumarkaðnum og ört stækkandi áhrif deilihagkerfisins á norrænan vinnumarkað.

Vinnumálastofnun hélt með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar, norrænt atvinnuleysistryggingamót á Hellu 14. - 15. september 2017. Þangað mættu hátt í 100 sérfræðingar á sviði atvinnuleysistrygginga á Norðurlöndunum til þess að hlýða á erindi og ræða helstu áskoranir atvinnuleysistryggingakerfanna vegna þeirra breytinga sem eru að verða með auknum áhrifum deilihagkerfisins og uppbroti hins hefðbundna starfs á vinnumarkaði nútímans. Óhætt er að segja að viðburðurinn hafi heppnast með besta móti og fengu þátttakendur að kynna sér frumkvöðla í íslensku atvinnulífi að ráðstefnu lokinni.

Skýrsla hefur verið gerð á norrænu máli til þess að draga saman þá umræðu sem fram fór á Hellu og má nálgast hana hér:
issuu.com/vinnumalastofnun/docs/lokask__rsla

Á árinu 2017 tók Vinnumálastofnun að lokum þátt í því að setja á laggirnar þriggja ára norrænt rannsóknarverkefni sem ætlað er að kortleggja áhrif þeirra breytinga sem eru að verða á vinnumarkaðnum næstu 10-15 árin.

Verkefnið er sett af stað af norrænu vinnumálaráðherrunum og stýrt af Fafo rannsóknarstofnun í Noregi og að því koma 25 rannsakendur frá öllum Norðurlöndunum. Verkefninu er ætlað að verða mikilvægt framlag Norðurlandanna til 100 ára afmælis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 2019 og er Tryggvi Haraldsson sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun starfsmaður stýrihóps í verkefninu sem ætlað er að tryggja upplýsingagjöf á verkefnistímanum og sjá til þess að afurð verkefnisins sé í takt við vilja og væntingar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fafo heldur úti virkri heimasíðu um verkefnið:
www.fafo.no/index.php/nb/forskningstema/prosjekter/aktive-prosjekter/item/the-future-of-work-2

EFTIRLITSDEILD VINNUMÁLASTOFNUNAR

Á Greiðslustofu Vinnumálastofnunar er starfrækt eftirlitsdeild sem sinnir reglubundnu eftirliti með greiðslum atvinnuleysistrygginga. Hér á eftir verður greint frá helstu störfum eftirlitsdeildar Vinnumálastofnunar á árinu 2017.

Helstu verkþættir eftirlitsdeildar Vinnumálastofnunar á árinu 2017 voru :

- Samkeyrslur.
- Eftirlit með staðfestingum og innskráningum á mínum síðum erlendis frá.
- Stök mál / ábendingar.
- Eftirlit með þeim sem tilkynna ekki heimkomu eftir atvinnuleit erlendis.
- Eftirlit með þeim sem eru með skráðar á sig fjármagnstekjur.
- Eftirlit með þeim sem skrá sig í orlof á mínum síðum.
- Móttaka flugmiða og skráning.

Námsmannasamkeyrslur

Námsmenn eru almennt ekki tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins nema námið sé hluti af vinnumarkaðsaðgerð. Á árinu 2017 kallaði stofnunin tvívegis eftir upplýsingum úr nemendaskrám allra skóla á framhalds,- og háskólastigi. Þessar upplýsingar eru samkeyrðar við greiðsluskrá Vinnumálastofnunar. Þeir atvinnuleitendur sem skráðir eru í nám án þess að hafa gert námssamning við Vinnumálastofnun kunna að sæta viðurlögum á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.

Á árinu 2017 hóf eftirlitsdeildin alls 118 mál vegna námsmannasamkeyrslu. Alls lauk 2 málum með viðurlagaákvörðun en greiðslur til 40 einstaklinga voru stöðvaðar. Skuldamyndun nam 11.184.384.- kr.

Samkeyrsla við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra

Mánaðarlega er gerð samkeyrsla við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Með samkeyrslunni er leitast við að kanna hvort atvinnuleitandi hafi starfað á vinnumarkaði án þess að tilkynna það til Vinnumálastofnunar.

Árið 2017 sendi eftirlitsdeildin út alls 1.901 bréf vegna samkeyrslu við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Þar af lauk 337 málum með viðurlagaákvörðun eða 18%. Skuldamyndun nam 78.840.683.- kr. eða að meðaltali 233.949.- kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Rétt er að benda á að auk útistandandi krafna vegna viðurlagaákvarðana er töluvert um leiðréttingar á greiðslum. Í eftirlitinu felst því ekki eingöngu endurgreiðslukröfur á ofgreiddum bótum heldur er einnig stuðlað að því að síðari tilkomnar greiðslur út atvinnuleysistryggingasjóði séu réttar. Einnig skal tekið fram að í apríl 2018 voru send út 147 bréf vegna desember 2017 en ekki er búið að taka ákvörðun í þeim málum.

Samkeyrsla við Samgöngustofu

Einu sinni á ári óskar Vinnumálastofnun eftir upplýsingum frá Samgöngustofu vegna útgefinna akstursheimilda til leigubílstjóra.

Á árinu 2017 fór Vinnumálastofnun af stað með 11 mál í þessum málaflokki og þar af var 7 málum lokið með viðurlagaákvörðum. Skuldamyndun nam 2.024.332 kr. eða að meðaltali 289.190 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

frh. á næstu síðu

2.804

bréf send árið 2017

511 málum lokið

Könnun á fjármagnstekjum

Á árinu 2017 var í fyrsta sinn samkeyrt við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra hjá þeim einstaklingum sem höfðu skráðar á sig fjármagnstekjur á árinu 2016. Með samkeyrslunni er leitast við að kanna hvort atvinnuleitandi hafi fjármagnstekjur án þess að tilkynna þær til Vinnumálastofnunar.

Árið 2017 sendi eftirlitsdeildin út alls 461 bréf vegna samkeyrslu við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra vegna fjármagnstekna. Þar af lauk 142 málum með synjun á greiðslum atvinnuleysisbóta eða 31%. Skuldamyndun nam 19.419.021.- kr.

Stök mál

Upplýsingar um ótilkynnta vinnu eru flestar tilkomnar vegna ábendinga, ýmist í gegnum ábendingahnapp á vef VMST eða í gegnum tölvupóst. Auk ábendinganna eru mál sem tilkomin eru vegna samkeyrslu við FINN (vinnustaðaeftirlit aðila vinnumarkaðarins) og samkeyrslu við Fangelsismálastofnun talin til stakra mála ásamt málum er varða athugun á launagreiðendaskrá sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Alls hóf eftirlitsdeildin 76 mál af þessum toga árið 2017 bæði í kjölfar ábendinga sem og annarra þátta. Alls enduðu 7 þeirra með viðurlögum eða 9%. Skuldamyndun nam 2.865.078.- kr.

Staðfestingar og innskráningar erlendis frá

Atvinnuleitendur þurfa að vera staddir á Íslandi og í virkri atvinnuleit til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Þeir sem skráðir eru atvinnulausir þurfa að staðfesta atvinnuleit mánaðarlega og gerir langstærstur hluti þeirra það rafrænt á mínum síðum stofnunarinnar. Vinnumálastofnun kannar IP-tölur þeirra sem skrá sig inn á „mínar síður." Ef staðsetning IP-tölunnar gefur til kynna að atvinnuleitandi sé staddur erlendis er óskað eftir skýringum frá viðkomandi. Þessi mál enda ekki öll með viðurlagaákvörðun enda eru oft eðlilegar skýringar á erlendum uppruna IP-tölu.

Alls sendi eftirlitsdeild út 486 bréf vegna staðfestinga/innskráninga erlendis frá. 160 málum lauk með viðurlagaákvörðun þar sem atvinnuleitendur höfðu verið erlendis án þess að tilkynna ferð sína til stofnunarinnar eða 33%. Skuldamyndun nam 15.487.986.- kr.

Annað

Eftirlitsdeildin heldur einnig utan um skráningu á orlofi einstaklinga sem fara erlendis. Á árinu 2017 var óskað eftir upplýsingum frá atvinnuleitendum til að sannreyna orlofsskráningar. Alls sendi eftirlitsdeild út 313 bréf vegna skráningar í orlof á mínum síðum. Engum málum lauk með viðurlagaákvörðun. Rangar skráningar voru alls 47 eða 15%. Skuldamyndun nam 620.851.- kr

Samantekt ársins

Á árinu 2017 sendi eftirlitsdeildin frá sér 2804 bréf. Þar af var 511 málum lokið með viðurlagaákvörðun eða um 18%. Skuldamyndun nam 128.418.003.- kr. Ekki er búið að taka ákvörðun í 147 tilfellum en þau mál eru ekki talin í þessari skýrslu.

ATVINNULEYSISTRYGGINGAR

Vinnumálastofnun fer með umsýslu Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt lögum 54/2006 um atvinnuleysistryggingar sem tóku við af eldri lögum um mitt ár 2006.

Einstaklingar sem óska atvinnuleysistrygginga sækja um í gegnum skráningarkerfi á vef Vinnumálastofnunar og viðhalda skráningu sinni þar og bæta við upplýsingum eftir þörfum. Skrifstofur Vinnumálastofnunar um land allt sjá um móttöku fylgigagna. Greiðslustofa Vinnumálastofnunar sér um útreikning á bótarétti umsækjenda og greiðslu atvinnuleysistrygginga og eru ákvarðanir um afgreiðslu flestra mála teknar þar. Starfandi er sérstök úthlutunarnefnd sem tekur vafaatriði til umfjöllunar og samræmingar.

Atvinnuleysistryggingar voru á árinu 2017 greiddar að hámarki í tvö og hálft ár. Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis miðað við ákveðið hlutfall af fyrri tekjum og að ákveðnu hámarki. Þó eru atvinnuleitendur á grunnbótum fyrstu tíu dagana.

Fjárhæð grunnbóta var 217.208 kr. á mánuði á árinu 2017. Hámark tekjutengdra bóta var 342.422 kr. á mánuði og frítekjumark kr. 8.688 kr. á mánuði.

Líkt og síðustu ár samþykkti ríkisstjórn Íslands að greiða út sérstaka desemberuppbót til atvinnuleitenda á árinu 2017. Þeir sem höfðu verið að fullu atvinnulausir í 10 mánuði eða lengur og að fullu tryggðir, fengu eingreiðslu, samtals 65.162 kr. Þeir sem höfðu verið án atvinnu skemur eða voru tryggðir að hluta, fengu eingreiðslu í samræmi við tryggingahlutfall sitt. Jafnframt fengu atvinnuleitendur með börn á framfæri greidda sérstaka uppbót. Alls fengu 4.017 einstaklingar greidda desemberuppbót árið 2017 og var heildargreiðsla desemberuppbótar 157 milljónir króna.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar annast Vinnumálastofnun sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði sjóðsstjórnar. Velferðarráðherra skipar stjórn sjóðsins samkvæmt tilnefningum aðila vinnumarkaðarins, en formann stjórnarinnar án tilnefningar. Á árinu 2017 var Einar Karl Birgisson formaður og aðrir í stjórn voru þau Kristín Þóra Harðar-

Tekjur af tryggingagjaldi og greiðslur atvinnuleysisbóta (milljónir kr.)



Greiðslur vegna úrræða atvinnuleitenda



frh. á næstu síðu



dóttir, Helga Ingólfsdóttir, Ingþór Karl Eiríksson, Ína Halldóra Jónasdóttir, Jón Rúnar Pálsson, Karl Björnsson, Kolbeinn Gunnarsson og Maríanna H. Helgadóttir. Greiðslur atvinnuleysisbóta jukust á árinu 2017 frá fyrra ári, voru 9.700 milljónir í samanburði við 9.370 milljónir króna árið 2016. Sjóðurinn hefur einkum tekjur af atvinnutryggingagjaldi sem skilaði sjóðnum 18,3 milljörðum króna á árinu 2017 en 16,9 milljörðum árið 2016 en atvinnutryggingagjaldið var 1,35% og stóð í stað milli áranna 2016 og 2017. Samkvæmt efnahagsreikningi var inneign sjóðsins í ríkissjóði 22,7 milljarðar króna í árslok 2017.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiðastjóra og smábátaeigenda, og er heimild í lögum til að bæta við öðrum starfsgreinum. Vinnumálastofnun fer með umsýslu sjóðsins í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar velferðarráðherra formann stjórnar án tilnefningar. Stjórn Tryggingasjóðsins var þannig skipuð í árslok 2017: Aðalsteinn Haukur Sverrisson formaður, Oddbjörg Friðriksdóttir, Erna Bjarnadóttir og Grétar H. Guðmundsson.

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Í ársbyrjun 2016 tóku gildi ný lög nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Með lögunum var úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða lögð niður og verkefni hennar færð til nýju nefndarinnar.
Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á ýmsum málefnasviðum, m.a. á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Úrskurðarnefnd velferðarmála er skipuð tólf nefndarmönnum: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður, Kári Gunndórsson, Lára Áslaug Sverrisdóttir, Rakel Þorsteinsdóttir, Agnar Bragi Bragason, Arnar Kristinsson, Eggert Óskarsson, Eva Dís Pálmadóttir, Guðfinna Eydal, Jón Baldursson, Sigríður Ingvarsdóttir og Þórhildur Líndal.

Á árinu 2017 bárust úrskurðarnefnd velferðarmála 49 kærumál sem er aðeins meira en á árinu 2016 en þá bárust nefndinni 34 kærumál.

Evrópuvottorð atvinnuleitenda

Vinnumálastofnun sér um útgáfu Evrópuvottorða, annars vegar til að staðfesta rétt einstaklinga til atvinnuleysistrygginga (U1, áður E) og hins vegar vottorð sem heimilar einstaklingi að fara í atvinnuleit til annars Evrópulands án þess að atvinnuleysistryggingar skerðist (U2). Er þetta gert á grundvelli Evrópureglna sem fyrst tóku gildi með EES samningnum 1. janúar 1994.
Á árinu 2017 gaf Vinnumálastofnun út 420 U2 vottorð sem er nánast sami fjöldi og árið áður. Líkt og undanfarin ár voru flest vottorð gefin út til fólks á leið í atvinnuleit til Póllands, eða 262. Því næst kom Svíþjóð (22), Danmörk (20) og Lettland (16). Mun færri komu í atvinnuleit til Íslands. Þannig kom 61 einstak-

Útgefin U2 vottorð til og frá Íslandi frá 2007-2017



Útgefin Evrópuvottorð atvinnuleitenda frá 2007 til 2017



lingur hingað í atvinnuleit árið 2016 sem er lítils háttar fækkun miðað við fyrri ár. Um tveir þriðju þeirra komu frá Danmörku, eða 40.

Á árinu 2017 voru gefin út 1.038 U1 leyfi til staðfestingar á rétti fólks til atvinnuleysistrygginga. Er þetta nokkur aukning frá síðustu árum, en talsvert færri vottorð en voru gefin út á árunum þar á undan. Líkt og undanfarin ár voru flest U1 vottorð gefin út og send til Póllands (425) á árinu 2017 og næst kom Tékkland (202) og þá Spánn (97), Þýskaland (58), Danmörk (30), Frakkland (28) og Litháen (27).

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 fer félags- og jafnréttismálaráðherra með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála. Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði ráðherra. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi en auk þess annast sjóðurinn greiðslu fæðingarstyrkja til foreldra utan vinnumarkaðar og í námi.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins en fæðingarstyrkir eru fjármagnaðir með framlagi úr ríkissjóði. Kostnaður af rekstri sjóðsins á að greiðast af tekjum hans. Ráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar og gerir sjóðurinn árlega fjárhagsáætlun sem ráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra við undirbúning fjárlaga.

Frá 1. janúar 2007 hefur Fæðingarorlofssjóður verið í vörslu Vinnumálastofnunar sem annast hefur umsýslu sjóðsins frá þeim tíma. Öll vinnsla umsókna sem og símsvörun fyrir Fæðingarorlofssjóð fer fram á Hvammstanga og eru 12 starfsmenn sem sinna þeirri vinnu. Auk þess er margvísleg upplýsingaþjónusta og ráðgjöf veitt um fæðingarorlof á öðrum þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar um land allt. Á heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs, www.faedingarorlof.is, er að finna fjölbreyttar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir foreldra um réttindi þeirra í fæðingarorlofi. Frá upphafi hefur heimasíðan verið mikið notuð af skjólstæðingum sjóðsins. Fæðingarorlofssjóður styðst við svokallað IP símkerfi eða netsíma sem gerir stjórnendum fært að fá samtímaupplýsingar um álag og símsvörun.

Fæðingar barna frá 2002 - 2017

Ár	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Börn	4049	4143	4234	4280	4415	4560	4835	5026	4907	4492	4533	4326	4375	4129	4034	4073

Heimild: Hagstofa Íslands

Fæðingarorlofsgreiðslur flokkaðar eftir fjölda og kyni 2008 - 2017

Ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Feður orlof/styrkir	6.677	6.776	6.424	5.781	5.797	5.810	5.831	5.589	5.239	5.425
Mæður orlof/styrkir	7.446	7.696	7.652	7.224	6.992	6.926	6.824	6.656	6.356	6.437
Samtals orlof/styrkir	14.123	14.472	14.076	13.005	12.789	12.736	12.655	12.245	11.595	11.862
Fæðingarorlofsgreiðslur m. kr.	9.526	10.268	9.250	8.106	7.905	8.294	8.801	9.103	9.130	10.591
Meðalfjöldi pr. mánuð	4.700	4.770	4.650	4.326	4.178	4.077	4.017	4.047	3.860	3.967
Meðalupph. í millj. pr. mánuð	800	856	771	676	657	695	731	759	761	883

Heimild: Fæðingarorlofssjóður

Starfsemin

Megin verkefni Fæðingarorlofssjóðs er að ákvarða og annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi sem og að veita ráðgjöf og upplýsingar um réttindi foreldra til greiðslna.

Á árinu 2017 fengu 11.862 foreldrar greidda 10,591 m.kr. Þar af fengu 5.425 feður greidda 3,573 m.kr. en 6.437 mæður 7,017 m.kr. Samkvæmt því voru að meðaltali um 3.967 foreldrar í greiðslu í hverjum mánuði og námu greiðslur hvers mánaðar að meðaltali um 883 milljónum.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands fæddust 4073 lifandi börn á Íslandi á árinu 2017. Það eru 39 fleiri börn en árið 2016. Frá árinu 2001 þegar núgildandi lög öðluðust gildi hafa því ekki fæðst færri lifandi börn á Íslandi á einu ári.

Þegar skoðuð er nýting foreldra á rétti til fæðingarorlofs vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin

Fæðingarorlofsgreiðslur flokkaðar eftir fjölda og kyni 2007 - 2016

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*	2017*
Mæður (Fjöldi)	4.809	4.965	4.817	4.406	4.406	4.181	4.249	3.986	3.883	3.866
Umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra	90%	86%	84%	80%	78%	78%	81%	81%	82%	77%
Meðaldagafjöldi feðra	101	98	92	86	80	81	88	88	85	76
Meðaldagafjöldi mæðra	178	178	179	179	178	180	182	178	179,6	177
Fjöldi feðra yfir grunnrétti	23%	20%	17%	15%	13%	14%	14%	13%	13%	10%
Fjöldi mæðra yfir grunnrétti	93%	93%	95%	96%	96%	96%	96%	96%	96%	95%
Fjöldi feðra undir grunnrétti	22%	19%	27%	31%	34%	35%	34%	34%	38%	43%
Fjöldi mæðra undir grunnrétti	1%	1%	1%	1%	2%	1%	1%	1%	1%	1%

Heimild: Fæðingarorlofssjóður. *Bráðabirgðatölur

frh. á næstu síðu

2007 – 2017 má sjá að talsvert hefur dregið úr nýtingu feðra frá árinu 2008. Ef borin eru saman árin 2008 og 2015 má sjá að umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra hefur farið úr 90% í 81%, meðaldagafjöldi feðra á vinnumarkaði hefur lækkað úr 101 degi í 88 dag, fjöldi feðra á vinnumarkaði sem nýta ekki að fullu sinn grunnrétt (þ.e. 90 daga) hefur hækkað úr 22% í 34% og þá hefur þeim feðrum á vinnumarkaði sem nýta meira en sinn grunnrétt (þ.e. meira en 90 daga) fækkað úr 23% í 13%.

Á sama tímabili hefur meðaldagafjöldi mæðra á vinnumarkaði verið sá sami eða 178 dagar, fjöldi mæðra á vinnumarkaði sem nýta ekki að fullu sinn grunnrétt (þ.e. 90 daga) hefur verið sá sami eða 1% og þá hefur þeim mæðrum á vinnumarkaði sem nýta meira en sinn grunnrétt (þ.e. meira en 90 daga) fjölgað úr 93% í 96%.

Endanlegar tölur liggja ekki fyrir vegna ársins 2016 fyrr en um áramótin 2018/2019 og vegna ársins 2017 ekki fyrr en um áramótin 2019/2020. Reynslan hefur sýnt að almennt taka feður fæðingarorlof þegar lengri tími er liðinn frá fæðingu barna þeirra en mæður og því líklegt að hlutföllin vegna áranna 2016 og 2017 eigi eftir að breytast nokkuð.

Á árinu 2017 var áfram unnið að því að bæta rafræn samskipti sjóðsins við foreldra í fæðingarorlofi með það að markmiði að efla enn frekar þjónustuna og draga úr kostnaði notenda og sjóðsins. Foreldrum gefst nú kostur á að fá öll bréf frá Fæðingarorlofssjóði send með tölvupósti í stað hefðbundins bréfpósts. Langflestir foreldrar velja þann kostinn eða u.þ.b. 95% þeirra.

Á árinu 2017 var unnið að uppfærslu á eyðublöðum sjóðsins sem og leiðbeiningum á heimasíðunni. Þá var gæðahandbók sjóðsins uppfærð og haldið námskeið fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar um fæðingarorlof.

Samningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Vinnumálastofnunar

Þann 18. júlí 2016 var undirritaður samningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Vinnumálastofnunar um eflingu starfsemi Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga í samræmi við tillögur landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra.

Í samningnum var kveðið á um endurnýjun á Dynamics Navision tölvukerfi Fæðingarorlofssjóðs. Á árinu 2017 var unnið að uppfærslu á kerfinu í útgáfu IS 2017 ásamt aðlögunum, gagnaflutningi og uppsetningu í gagnaveri Advania og lauk þeirri vinnu í apríl 2018. Samhliða því var gagnateningur Fæðingarorlofssjóðs (Olap BI) uppfærður.

Á árinu 2017 hófst undirbúningsvinna að rafvæðingu umsóknarferils og bættum rafrænum samskiptum við foreldra í fæðingarorlofi með Mínum síðum og endurnýjun á heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs. Hefur þeirri vinnu verið fram haldið á árinu 2018 og standa vonir til að henni muni ljúka á árinu 2019.

Laga- og reglugerðabreytingar

Engar breytingar voru gerðar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 á árinu 2017.

Þann 29. desember 2017 var gerð breyting á reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks. Með breytingunni voru hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækkaðar úr 500.000 kr. á mánuði í 520.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2018 eða síðar.

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Ábyrgðasjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 88/2003. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans. Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir sjóðinn á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir tilnefndir af ASÍ og SA, og einn skipaður af velferðarráðherra sem er formaður. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 2017: Dóra Sif Tynes formaður, Halldór Oddsson og Ingibjörg Björnsdóttir.

Heildargreiðslur Ábyrgðasjóðs launa 2017 og 2016



frh. á næstu síðu

Samantekt yfir greiðslur vegna helstu atvinnugreina

Tákn	Heiti	Kr.
A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	40.041.746
C	Framleiðsla	62.364.489
F	Byggingarstarfs. og mannv.gerð	130.606.751
G	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélkn. ökut.	65.114.214
H	Flutningar og geymsla	56.558.964
I	Rekstur gististaða og veitingarekstur	140.961.677
J	Upplýsingar og fjarskipti	43.355.929
K	Fjármála og vátr.starfs.	1.078.644
L	Fasteignaviðskipti	11.636.831
M	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg st.	27.543.240
N	Leigust. og ýmis sérhæfð þjón.	17.137.462
Q	Heilbrigðis og félagsþj.	1.175.680
R	Menningar-, íþrótta og tómst.	2.377.137
S	Félagasamtök og önnur þj.starf	623.230
X	Óþekkt starfsemi	4.285.682
	Samtals	604.861.676

Útgjöld sjóðsins

Heildargreiðslur Ábyrgðasjóðs launa árið 2017 námu 605 m.kr. Útgjöld jukust á milli áranna 2016 og 2017 en á árinu 2016 námu þau 482 m.kr.

Útgjöld vegna þrotabúa voru um 599 m.kr. og um 6 m.kr. vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja. Greiðslur vegna vangoldinna launa og slita á ráðningarsamningi námu 154 m.kr. og vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda 315 m.kr. þar af um 32 m.kr. vegna séreignasparnaðar. Launagreiðslurnar hækkuðu um 21 m.kr. frá árinu 2016 og lífeyrissjóðsgreiðslurnar hækkuðu um 83 m.kr. frá árinu 2016. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði meiri á árinu 2018 miðað við árið 2017. Alls fengu 270 launamenn greitt úr sjóðnum á árinu 2017 en gera má ráð fyrir að fjöldi launamanna á árinu 2018 verði á bilinu 400-500. Tekjur vegna úthlutana úr þrotabúum voru um 38 milljónir til sjóðsins á árinu 2017 en gert er ráð fyrir hærri fjárhæð á árinu 2018. Ábyrgðagjald er 0,05% fyrir árið 2018.

Framundan hjá sjóðnum

Starfsemi sjóðsins á árinu 2018 verður nokkuð meiri að umfangi miðað við árið á undan og búist er við því að fjöldi krafna til sjóðsins muni aukast miðað við árið 2017. Á þessu ári eru stærri þrotabú til afgreiðslu hjá sjóðnum miðað við síðustu ár sem er ástæða þess að gert er ráð fyrir aukningu á útgjöldum á árinu 2018. Hámarksfjárhæð launa sem sjóðurinn ábyrgist hefur nú verið hækkuð í kr. 633.000 á mánuði vegna krafna frá og með júlí 2018.

HÚSNÆÐISBÆTUR

Ný lög um húsnæðisbætur voru samþykkt á Alþingi í júní 2016 og tóku lögin gildi 1. janúar 2017. Undirbúningur lagafrumvarps átti sér dágóðan aðdraganda en efni þess byggði að miklu leyti á tillögum samvinnuhóps um framtíðarskipan húsnæðismála frá 2014 og tillögum vinnuhóps um húsnæðisbætur frá 2012.

Áður höfðu sveitarfélög annast afgreiðslu húsaleigubóta til einstaklinga þar til lög um húsnæðisbætur öðluðust gildi. Frá gildistöku þeirra var Vinnumálastofnun falin afgreiðsla húsnæðisbóta. Í kjölfar útboðs í júlí 2016 var hafist handa við að hanna og smíða umsóknar- og afgreiðslukerfi í samstarfi við Programm ehf. Innleiðing verkefnisins gekk vel þrátt fyrir þröngan tímaramma og var Greiðslustofa húsnæðisbóta opnuð 16. nóvember 2016 á Ártorgi á Sauðárkróki. Elsa Lára Arnardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi, opnaði formlega vef Greiðslustofunnar, husbot.is, við þetta tilefni. Var opnað fyrir móttöku umsókna fimm dögum síðar.

Alls störfuðu 14 starfsmenn hjá skrifstofu stofnunarinnar á Sauðárkróki. Að auki var starfsfólk á þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar tiltækt við þjónustu umsækjenda. Innleiðing, kynning og afgreiðsla á umsóknum í nýju fyrirkomulagi húsnæðisbóta gekk vonum framar og má þakka því góða starfsfólki sem vann að verkefninu á Sauðárkróki og góðu samstarfi við sveitarfélög um land allt.

Á árinu 2017 voru greiddar kr. 5.249.637.296.- í húsnæðisbætur til 20.028 umsækjenda. Meðalfjárhæð greiddra húsnæðisbóta var kr. 34.549.-

Í lok árs 2017 náðist samkomulag um tilfærslu á framkvæmd laganna til Íbúðalánasjóðs en talið var að málaflokkurinn félli betur að hlutverki sjóðsins. Frá og með 1. janúar 2018 sér Íbúðalánasjóður því um umsjón og greiðslu húsnæðisbóta. Fyrirkomulag bótanna helst óbreytt og er almenn afgreiðsla enn í höndum starfsfólks á skrifstofu húsnæðisbóta á Sauðárkróki.

Vinnumálastofnun þakkar öllu starfsfólki Greiðslustofu húsnæðisbóta á Sauðárkróki fyrir frábært samstarf og óskar þeim velfarnaðar í öllum sínum störfum í framtíðinni.

VINNUMÁLASTOFNUN UM LAND ALLT

ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUR VINNUMÁLASTOFNUNAR

Austurland

Tjarnarbraut 39 a, 700 Egilsstaðir
Sími: 515 4800 | **austurland@vmst.is**
Opið alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00

Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga

Túnbraut 1-3, 545 Skagaströnd
Sími: 582 4900 | **greidslustofa@vmst.is**
Opið frá klukkan 9:00 til 15:00 alla virka daga

Höfuðborgarsvæðið

Kringlunni 1, 103 Reykjavík
Sími: 515 4800 | **postur@vmst.is**
Opið frá klukkan 9:00 til 15:00 alla virka daga
nema á föstudögum til klukkan 13:00

Norðurland eystra

Skipagata 14t 600 Akureyri
Sími: 515-4800 | **nordurland.eystra@vmst.is**
Opið mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 15:00,
en föstudaga frá kl. 09:00-13:00

Norðurland vestra

Túnbraut 1-3, 545 Skagaströnd
Sími: 515 4800 | **nordurland.vestra@vmst.is**
Opið alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00

Suðurland

Eyravegi 25, 2. hæð, 800 Selfoss
Sími: 515-4800 | **sudurland@vmst.is**
Opið alla virka daga frá klukkan 09:00-13:00

Suðurnes

Krossmói 4a - 2. hæð, 260 Reykjanesbær
Sími: 515-4800 | **sudurnes@vmst.is**
Opið frá klukkan 9:00 til 15:00 alla virka daga nema
á föstudögum til klukkan 13:00

Vestfirðir

Árnagötu 2 - 4, 400 Ísafjörður
Sími: 515-4800 | **vestfirdir@vmst.is**
Opið alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00

Vesturland

Stillholt 18, 2.hæð 300 Akranes
Sími: 515-4800 | **vesturland@vmst.is**
Opið alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00

Fæðingarorlofssjóður

Strandgata 1, 530 Hvammstanga
Sími: 515 4800 | **faedingarorlof@vmst.is**

Opið á Hvammstanga frá klukkan 9:00 til 15:00
Opið í Kringlunni 1, Reykjavík frá klukkan 9:00 til 13:00

Skipurit Vinnumálastofnunar



VINNUMÁLA STOFNUN

VINNUMÁLA
STOFNUN

Kringlunni | 103 Reykjavík | Sími 515 4800 | www.vmst.is